



Bára Halldórsdóttir eyddi upprunalegu Klausturs-upptökunni með viðhöfn á Gauknum í gærkvöldi. Með úrskurði Persónuverndar var Báru gert að eyða upptöku sinni. Vitni þurfa að vera að eyðingu slíkra gagna og ákvað Bára að slá því upp í sýningu með heitinu Báramótabrenna. Margrét Erla Maack dansari túlkaði eldinn á listrænan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslendingar með meirihluta í Edition

Íslenskir fjárfestar lögðu félagi um byggingu lúxushótelis við hlið Hörpu til 1,3 milljarða og eignuðust 66 prósent hlut. Hafa skuldbundið sig til að leggja fram 1,7 milljarða til viðbótar. Heildarfjárfestingin verður þá um 5,2 milljarðar. Stefnt að opnun næsta vor.

VIÐSKIPTI Íslenskir einkafjárfestar og lífeyrissjóðir fara nú með meirihluta hlutfjár í félagi sem stendur að byggingu fimm stjörnu Marriott Edition-hótelis sem rís nú við hlið Hörpu í Austurhöfn. Höpurinn, sem er undir forystu framtaks-sjóds í rekstri Stefnis, lagði félaginu til 11 milljónir dala, jafnvirði 1,3 milljarða króna, í nýtt hlutfé í fyrra og eignaðist þá 66 prósent hlut í verkefninu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er áformað að endanlegur hlutur Íslendinganna í verkefninu – í gegnum félagið Mandólín – verði um 70 prósent á móti 30 prósent hlut bandaríska fasteignapróunarfélagsins Carpenter & Company.

Íslensku fjárfestarnir lögðu fyrr á árinu Cambridge Plaza Venture Company, móðurfélagi hóteffélagsins, einnig til um sex milljónir dala í nýtt hlutfé, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, en þeir hafa skuldbundið sig til að setja 14 milljónir dala til viðbótar í félagið.

Skuldbinding Mandólíns gagn-

17,5

milljarðar er áætlaður kostnaður hotelverkefnisins.

vart verkefninu var aukin um 11 milljónir dala í lok síðasta árs. Ef miðað er við að heildarfjárfesting Mandólíns fyrir 70 prósent hlut í verkefninu verði 42 milljónir dala, eins og skuldbinding félagsins hljóðar upp á, munu eigendur hóteffélagsins leggja því til alls um 60 milljónir dala en verkefnið er að öðru leyti fjármagnað með lánsfé. Arion banki er aðallánveitandi að verkefninu og var jafnframt meðal stærstu eigenda lóðarinnar sem lögð er undir hotelið.

Stærsti hluthafi Mandólíns með

hlemingshlut er framtakssjóðurinn SÍA III, sem er í rekstri sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis, dótturfélags Arion banka, en í hluthafahópi sjóðsins eru einkum íslenskir lífeyrissjóðir og tryggingafélög.

Næststærstu hluthafar Mandólíns, með 12,5 prósent hlut hvor, eru félögin Snæból og Stormtré en fyrrnefnda félagið er í jafnri eigu hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur og það síðarnefnda í eigu Hreggviðs Jónssonar, aðaleiganda Veritas Capital. – hae, kij / sjá Markaðinn

Dýrt að vera valin í landslið

ÍPRÓTTIR „Við komum til móts við okkar landsliðsfólk en auðvitað er bagalegt að A-landsliðsfólk þurfi að greiða fyrir ferðir sínar,“ segir Grétar Eggertsson, formaður Blaksambands Íslands.

Blaklandsliðsfólk safnaði að hluta til sjálft fyrir keppni á Smáþjóðaleikumum í Svartfjallalandi.

Afreksiþróttasjóður úthlutaði um 350 milljónum fyrir árið 2018 og hækkaði um 100 milljónir milli ára. Aðeins Knattspyrnusamband Íslands hefur nógu digra sjóði að leita í til að landsliðsfólk þessi þurfi ekki að greiða fyrir landsliðsferðir. „Auðvitað vildi maður óska að landsliðsfólk þyrfti ekki að borga,“ segir Freyr Ólafsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

– bbh / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

SKODUN Öfugt við Brexit-liða hafa Katalónar aldrei gefist upp á Evrópu, skrifar Alfred Bosch. 9

MENNING Sesselja Traustadóttir flytur fyrirlestur um reiðahjólamenningu í dag. 12

LÍFIÐ Forseti Íslands grillar til góðs á tónlistarhátiðinni Kótelettunni þar sem seldar eru kótelettur til styrktar Styrktarfélagi krabbameins-sjúkra barna. 20

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Allt fyrir gæsa/steggjapartýið

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534


Krambúðin

Opnum snemma – lokum seint
15 verlanir um land allt

Jafnaðu þig hjá Orkunni

Kolefnisjafnaðu aksturinn með Orkulyklinum

Veður



Norðlæg átt 8-15 m/s. Rigning eða slydda um norðaustanvert landið, bjart veður á Suðurl- og Suðvesturlandi, en annars skýjað og úrkomulítið. **SJÁ SIÐU 14**



Donald Trump og Teresa May hittust í London. NORDICPHOTOS/GETTY

Vill samning við Bretland

ERLENT Donald Trump Bandaríkjaforseti vill gera viðskiptasamning við Bretland og telur ríkin tvö geta náð góðum samningi eftir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

Trump hitti Teresu May forsætisráðherra Bretlands í gær en forsetinn er nú í opinberri heimsókn í Bretlandi. May segir samband ríkjanna tveggja sterkt en tók fram að viðskiptasamningur þyrfti að vera samþykktur af bæði Bretlandi og Bandaríkjunum.

Trump hrósaði May fyrir framgöngu hennar í útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og kallaði hana gríðarlegan fagmann. Áður hafði forsetinn gagnrýnt May og aðferðir hennar harðlega.

Heimsókn Trumps hefur verið mótmælt af fjölda fólks í Bretlandi og hafa mótmæli staðið yfir í helstu borgum landsins. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, ávarpaði mótmælendur í Lundúnum í gær eftir að Donald Trump hafði afþakkað boð hans um fund.

Forsetinn segir mótmælin falsfréttir og að hann hafi ekki orðið þeirra var. Fyrir utan það að hafa séð til nokkurra mótmælenda við komu sína til landsins. Á mótmælum í miðborg Lundúna gær voru viðstaddir nokkur þúsund mótmælendur.

Þrátt fyrir mótmælin segist Trump ánægður með þær viðtökur sem hann hefur fengið í Bretlandi. Hann segir móttökurarnar í heimsókninni einkennast af kærleika. – bđj

Fagna lokum Ramadan



Félag múslima á Íslandi fagnaði gær lokum Ramadan, helgasta mánaðar múslima. Ýmislegt góðgæti var þá á boðstólum í bænahúsinu í Ármúla. Múslimar fasta frá sólarupprás til sólarlags á meðan á Ramadan stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir frá hátíðinni er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Varanlegur regnbogi

REYKJAVÍK Tillaga Gunnlaugs Braga Björnssonar úr Viðreisn um varanlega regnboga á áberandi stað í miðborg var samþykkt í borgarstjórn í gær. Regnbogi hefur áður verið máláður á götur borgarinnar. Verður regnboginn nú varanlegur í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá Stonewall-uppreisninni, sem markar upphaf Hinsegindaga á heimsvísu og að Hinsegindagar hér eru 20 ára.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar á að gera tillögu að staðsetningu. Er lagt upp með að regnboginn verði máláður á gangbraut, annars konar gönguverun, göngustíg, vegg eða annan áberandi stað í miðborginni. – ab



Gunnlaugur Bragi Björnsson, varaborgarfulltrúi Viðreisnar.

Ísafjarðarbær þarfnast ekki fleiri vana í bili

Bæjarstjóri Ustrzyki Dolne í Póllandi óskaði formlega eftir vinabæjarsamstarfi við Ísafjarðarbæ. Vitnaði í J.K. Rowling í bréfinu og fór með himinskautum í lýsingum á fjallabænum. Bæjarráð telur ekki ráðrúm fyrir fleiri vinabæi.

ÍSAFJÖRÐUR Bæjarstjóri pólska smábæjarins Ustrzyki Dolne situr eftir með sárt ennið eftir að hafa óskað formlega eftir vinabæjarsamstarfi við Ísafjarðarbæ. Erindi bæjarstjórans, Bartosz Romowicz, sem og litrík og skemmtileg kynning á bæ hans var tekin fyrir á fundi bæjarráðs á mánudaginn var.

Í bréfi Romowicz bæjarstjóra er óskað eftir að Ísafjarðarbær skoði hvort vilji sé fyrir því að koma á vinabæjarsamstarfi milli sveitarfélaganna tveggja. Ustrzyki Dolne er að sögn bæjarstjórans 17 þúsund manna bær í gríðarfallegu fjallaumhverfi í suðausturhluta Póllands. Bærinn er sagður hafa mikla möguleika, töluverð uppbygging hafi átt sér stað þar en bærinn sé í leit að auknum tækifærum með alþjóðlegu samstarfi. Í bréfhausnum vitnar Romowicz bæjarstjóri meira að segja í höfund Harry Potter-bókanna, J.K. Rowling: „Peaceful cooperation is the key to success,” sem myndi útleggjast sem „Fridsælt samstarf er lykillinn að velgengi.“ Í bréfinu telur Romowicz bæjarstjóri upp hina ýmsu kosti Ustrzyki Dolne, hverju Ísafjarðarbær megi búast við í samstarfinu og til hvers verði ætlast af þeim í staðinn. Erindi þessu fylgdi sömuleiðis efnisráðgjafi kynningarbæklingur um allt það helsta sem finna má í pólska bænum. Allt frá áhugaverðum kennileitum og afþreyingu sem í boði er, veitingastaði og gistingu.

Romowicz bæjarstjóri verður seint sakaður um að taka skortstöðu gagnvart bæ sínum ef marka má lýsingarnar.

„Einstakt landslagið, nálægðin við náttúruna, kyrrðin og gnægð



Ísafjarðarbær fékk innilega vinarbeiðni frá Póllandi á dögunum en ræður ekki við fleiri vini í bili að mati bæjarráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gnægð ósnortinnar náttúru ætti að laða að alla þá sem leita frelsis og afslöppunar.

Bartosz Romowicz, bæjarstjóri Ustrzyki Dolne




ósnortinnar náttúru ætti að laða að alla þá sem leita frelsis og afslöppunar. Á veturnar leitar vetraríþróttafólk í fullkomnar aðstæður hér og fyrsta flokks aðstöðu.“

Bæjarráð þakkar Romowicz bæjarstjóra gott boð í bókun á fundinum en svo er að skilja að Ísafjarðarbær hafi ekki pláss fyrir fleiri vini að sinni.

„Ísafjarðarbær er lítið sveitarfélag sem er nú þegar í miklu alþjóðlegu samstarfi og hefur því miður ekki fjármagn og mannafla í að sinna frekari vinabæjarsam-

skiptum. Bæjarráð hafnar því beiðni að sinni um vinabæjarsamstarfi við Ustrzyki Dolne Commune,” segir í afgreiðslu bæjarráðsins. **mikael@frettabladid.is**



Gott beikon. Má grilla.

- ✓ Ekkert hveiti
- ✓ Ekkert soyja
- ✓ Enginn sykur
- ✓ Ekkert MSG

Íslenskt kjöt Íslensk framleiðsla

Pylsumeistarinn

– við Laugalæk



HVAR ERU UPPTÖK ILLSKUNNAR?

Opinn fræðslufundur Íslenskrar erfðagreiningar, 6. júní, kl. 17.00.

Hvað geta vísindin kennt okkur um upptök illskunnar?
Eru illmenni manneskjur sem stríða við fötlun eða eru vanhæfar til að skilja og tjá tilfinningar?

Hvar: Hús Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.
Hvenær: Fimmtudaginn 6. júní, klukkan 17 til 18.30.
Kaffiveitingar frá 16.30 Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.



Simon Baron-Cohen
sérfræðingur í einhverfu og próffessor
í sálfræði við Cambridge háskólann
SAMKENND VIÐ FROSTMARK



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar
ERFIST ILLSKA?

Ríkislögreglustjóri sagður hafa rýrt traust á embættinu með bréfi

STJÓRNSÝSLA Efni og framsetning bréfa sem Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sendi rithöfundinum Birni Jóni Bragasoni og sjónvarpsmanninum Sigurði Kolbeinssyni voru ámælisverð og „til þess fallin að rýra traust og trú á embætti ríkislögreglustjóra“.

Þetta er niðurstaða dómsmálaráðuneytisins. Björn Jón og Sigurður sendu kvörtun til Umboðsmanns Alþings. Í desember 2017 fengu þeir samtöl frá manni sem kvaðst vera

fyrirverandi rannsóknarlögreglu- maður. Boðaði hann þá til fundar við sig, ríkislögreglustjóra og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur, fyrirverandi saksóknara efnahagsbrotadeildar.

Ástæðan væri umfjöllun Björns Jóns í bókinni Gjaldeyriseftirlitið, frá 2016, um fund í innanríkisráðuneytinu 2011.

Björn Jón segir í bréfi til Umboðsmanns Alþings að í mars hafi Birni og Sigurði borist bréfrá rannsóknarlögreglumanninum, Öldu Hrönn



Haraldur Jóhannessen ríkislögreglustjóri.

og Haraldi sem ríkislögreglustjóra. „Í bréfinu halda þau þremmenningar því fram að umrædd frásögn í bók minni sé „markleysa“ og að ég beri „ábyrgð á ólögsmætri meingerð“.

Dómsmálaráðuneytið segist líta „alvarlegum augum að ríkislögreglustjóri skuli senda borgurum bréf með fullyrðingum um ólögsmæta háttsemi þeirra, án þess að með nokkrum hætti fáiast séð að neinn lögmætur grundvöllur sé fyrir að embættið geri slíkar athugasemdir“. Tilgangurinn virðist sá að vernda persónulega hagsmuni þrátt fyrir að bréfið hafi verið í nafni embættisins.

Í svörum Haraldar segir að í

framtiðinni muni hann, fyrir hönd embættisins, gæta orðanotkunar í bréfum. Ákvað ráðuneytið því að beita ekki heimildum um réttindi og skyldur starfsmanna jafnvel þótt hegðunin sé ámælisverð.

Björn Jón sagði í gær að þeim Sigurði hafi ekki borist afsökunarbeiðni en Stöð 2 hafði í gærkvöldi eftir Embætti ríkislögreglustjóra að sent hafi verið bréf í fyrradag þar sem „bedist er velvirðingar á tilgreindum ummælum“. – db



Jón Á. Jóhannesson, fyrirverandi forstjóri Baugs. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

424 milljarða þrot Baugs

VIÐSKIPTI Rúmum áratug eftir að Baugur Group hf. var úrskurðað gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjavíkur er skiptum á þrotabúinu nú lokið. Samkvæmt tilkynningu um skiptalok í Lögbirtingablaðinu námu lýstar kröfur í þrotabúinu tæpum 424 milljörðum króna sem gerir þetta að einu stærsta, ef ekki allra stærsta, gjaldþroti Íslands-sögunnar.

Í tilkynningu kemur fram að forgangskröfur hafi fengist greiddar að fullu en 6,7 milljarðar fengist upp í almennar kröfur eða sem nemur 2,7 prósentum.

Fjárfestingarfélagið Baugur Group hf. var stofnað af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og var stórtækt í viðskiptum á árunum fyrir hrun. Félagið var úrskurðað gjaldþrota 13. mars 2009. Fréttablaðið er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs. – smj

Sjöunda niðurstaða MDE um brot á réttlátri málsmeðferð

Fimm dómur hafa fallið hjá Mannréttindadómstól Evrópu um brot íslenska ríkisins á ákvæði um réttláta málsmeðferð fyrir óvillhollum dómstól. Tvær dómsáttir hafa verið gerðar að auki. Eftirfylgni Evrópuráðsins með fullnustu dóms frá 2008 er enn ólokið. Einn hæstaréttardómari í Al Thani-málinu vanhæfur.

DÓMSMÁL Dómurinn sem féll um Al Thani-málið í Strassborg í gær er fimmti dómur MDE um brot íslenska ríkisins gegn ákvæði Mannréttindasáttmálans um réttláta málsmeðferð fyrir óvillhollum dómstól. Að auki hefur tveimur málum sem vísað hefur verið til MDE frá Íslandi vegna slíkra brota lokið með dómsátt.

Alls er því um sjö tilvik að ræða þar sem íslenskir borgarar hafa náð rétti sínum gagnvart íslenskum stjórnvöldum vegna brota gegn 6. gr. Sáttmálans. Enn einu máli sem varðar 6. gr. hefur verið vísað til efrí deildar dómsins.

Það var niðurstaða dómsins sem féll í gær að Árni Kolbeinsson, einn dómara Hæstaréttar sem sakfelldu kærendurnar þrjá í Al Thani-málinu, hefði verið vanhæfur í málinu en sonur hans starfaði hjá Kaupþingi frá árinu 2007 og síðar hjá skilanevnd bankans.

MDE hefur kveðið upp einn sambærilegan dóm gegn Íslandi en niðurstaða dómsins í máli Péturs Þórs Sigurðssonar var sú að Guðrún Erlendsdóttir hefði verið vanhæf til að dæma í skadabótamáli Péturs Þórs gegn Landsbanka Íslands vegna skuldamála eiginnmanns hennar gagnvart bankanum á þeim tíma sem mál Péturs var til meðferðar í Hæstarétti.

Ráðherraráð Evrópuráðsins hefur eftirlit með því að dómur dómstólsins séu fullnustaðir af aðildarríkjum; bætur séu greiddar og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að koma veg fyrir áframhaldandi brot.

Í erindinu frá íslenskum stjórnvöldum dagsettu í október 2015 um



Al Thani-mál æðstu stjórnenda Kaupþings var meðal fyrirferðarmestu sakamála hrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTRYGGUR

fullnustu dóms í máli Péturs Þórs er gerð grein fyrir fyrirhugudum breytingum á íslensku dómkerfi með nýju millidómstigi og tilheyrandi réttarbótum.

Í erindinu er einnig lýst þeim ásetningi ráðherra að mæla fyrir lagabreytingum sem heimili sérstaklega endurupptöku máls í kjölfar áfellsdóms frá MDE.

Ráðherraráððið lauk eftirfylgni með fullnustu dómsins í desember 2015, tveimur mánuðum eftir að fyrrgreint erindi barst frá stjórnvöldum. Ekkert hefur enn orðið af þeim breytingum um endurupptöku mála sem reifaðar voru í erindinu og Hæstiréttur sló því

föstu í síðasta mánuði að dómur MDE væru ekki skuldbindandi að landsrétti og leiddu ekki sjálfkrafa til endurupptöku máls.

Eftirfylgni með fullnustu dóms í máli Súsönnu Rósar Westlund sem dæmt var í Strassborg árið 2008, er enn ólokið hjá ráðherraráðinu. Brot ríkisins í málinu fólst í því að Súsanna fékk ekki að flytja mál sitt munnlega á áfrýjunarstigi. Í erindi íslenskra stjórnvalda til ráðherraráðsins, 27. mars 2019, er sem fyrir vísað til breytinga á íslensku dómkerfi með tilkomu millidómstigsins. Einnig er vísað til þess að þrátt fyrir dóm MDE hafi Hæstiréttur synjað beiðni hennar um endurupptöku.

Eftir reifun á synjun Hæstaréttar um endurupptöku vekja íslensk stjórnvöld athygli á því að í dómi MDE hafi Súsönnu ekki verið dæmdar skadabætur því ekki væri hægt að slá því föstu hvaða áhrif munnlegur málflytningur fyrir Hæstarétti hefði haft á niðurstöðu málsins. Þar sem endurupptaka gæti valdið bæði réttaróvissu og raskað hagsmunum þriðja aðila teldu íslensk stjórnvöld ekki þörf á frekari fullnustu dómsins.

Í erindinu er hins vegar ekki minnst á fyrirætlanir um breytingar á skilyrðum fyrir endurupptöku sem nefndar voru í erindi um mál Péturs Þórs. adalheidur@frettabladid.is

Al Thani-menn fagna fullnaðarsigri

DÓMSMÁL Ólafur Ólafsson segir að niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), þar sem efast er um óhlutdrægni Árna Kolbeinssonar hæstaréttardómara í svokölluðu Al Thani-máli, sé fullnaðarsigur fyrir sakborninga í málinu.

Ólafur, Sigurður Einarsson, Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson voru árið 2015 sakfelldir fyrir aðild að Al Thani-málinu og fengu allir dóma frá fjórum til fimm og hálfis árs, ýmist fyrir markaðsmisnotkun eða umboðssvik. Dómarnir voru meðal þeirra þyngstu sem sést hafa þegar kemur að efnahagsbrotum í íslensku réttarsögu.

„Niðurstaða Mannréttindadómstólsins sýnir fram á að ég naut ekki réttlátrar málsmeðferðar og úrlausnar fyrir óvillhollum dómstólum, sem er einn af hornsteinum réttarríkisins,“ segir Ólafur í yfirlýsingu.

MDE staðfesti þar með athuga-



Ólafur Ólafsson fagnar niðurstöðunni í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

semdir sem hann hefur gert við meðferð málsins en hann segir að íslenskir dómur hafi ekki gætt að hæfi sínu og setið í dómi „þar sem vafi leikur á hlutleysi þeirra“.

Fjórmenningarnir töldu vafa leika á hæfi Árna Kolbeinssonar og efuðust verulega um óhlutdrægni dómans vegna þess að sonur hans, Kolbeinn Árnason, starfaði fyrir Kaupþing fyrir fall bankans og

eftir gjaldþrot hans. Þá var eiginkona hans varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins á meðan Kaupþing var til rannsóknar.

„Í viðleitni til að sanna sakleysi mitt hef ég itrekað rekist á vegg þar sem samtvinnu hagsmunagæsla óskilgreindra afla í dómkerfinu hefur komið í veg fyrir að hægt væri að leiða hið sanna í ljós,“ segir Ólafur sem fagnar niðurstöðunni. – smj

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

M18 FUEL
M18 FLAG
Alvöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar afli til þess að slípa, er léttari en snúrurrokkur í sinni stærð.

Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA SALAN

ÚTSALA

Fáðu 30-80% afslátt

Dagana 5. – 7. júní, Skeifunni 10.

Eldri sýningareintök á verulega lækkuðu verði fyrir séða kaupendur sem kjósa gæði á frábæru verði. Einnig heimilishúsgögn svo sem Vitra og Gubi sófar, borðstofuborð og MDF Italia hillur.



Oberon
rafhækkjanlegt skrifborð
180x80 beyki/grátt
Tilboðsverð **69.900** kr.
verð áður 143.843 kr.



Rafmagnsgrind
fyrir hæðarstillt skrifborð
Tilboðsverð **49.900** kr.
verð áður 114.856 kr.



Ari
plastskeljastóll
Tilboðsverð **8.900** kr.
verð áður 13.200 kr.



Flexi
armstóll á hjólum
Tilboðsverð **49.900** kr.
verð áður 71.731 kr.



Ovidio
fundastóll
Tilboðsverð **29.900** kr.
verð áður 49.875 kr.



Flexikit
skrifborðsstóll
Tilboðsverð **69.900** kr.
verð áður 114.885 kr.



Ventilo
skrifborðsstóll
Tilboðsverð ósamsettur **36.900** kr.
samsettur **39.900** kr.
verð áður 71.400 kr.

Umferð um Vaðlaheiðargöng örlítið undir væntingum í upphafi

SAMGÖNGUR Samkvæmt umferðar-
teljara Vegagerðarinnar við Vaðla-
heiðargöng eru líkur á að umferð
um göngin verði um 1.750 bílar á
dag á ársgrundvelli.

Um 350 bílar fara á dag um Víkur-
skarðið á sama tíma ef spá Vega-
gerðarinnar mun ganga eftir.

Formaður stjórnar Vaðlaheiðar-
ganga segir þetta örlítið minni
umferð en vonast var eftir í upphafi.

Ef spá Vegagerðarinnar gengur
eftir munu því um 2.100 bílar aka

**Þetta þarf hins
vegar ekki að setja
mikið strík í reikninginn
hjá okkur hvað varðar
endurgreiðslur af láninu.**

Hilmar Gunnlaugs-
son, formaður
stjórnar Vaðla-
heiðarganga ehf.



milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslna
á degi hverjum að jafnaði í ár. Það
er meiri umferð en miðspá Vega-
gerðarinnar gerði ráð fyrir þegar
hún var sett saman árið 2016.

Hilmar Gunnlaugsson er formaður
stjórnar Vaðlaheiðarganga ehf.

„Þessar tölur eru örlítið lægri
en við gerðum ráð fyrir. Þetta þarf
hins vegar ekki að setja mikið strík í
reikninginn hjá okkur hvað varðar
endurgreiðslur af láninu. Það fer
auðvitað eftir því hversu hátt með-

alverðið verður í gegnum göngin,“
segir Hilmar.

Til að byrja með var meðalverðið
í göngunum lágt þar sem að miklu
leyti var um heimamenn að ræða
sem höfðu keypt margar ferðir
á miklum afslætti. Meðalverðið
hefur hins vegar hækkað mikið á
skömmum tíma.

„Nú er svo komið að verðið er á
milli 1.300 og 1.400 krónur og við
vonumst eftir að verðið nái upp
í um 1.500 krónur á hverja ferð í

gegnum göngin. Það er of snemmt
að segja til um í dag hvernig þetta
verður en þróunin er upp á við hvað
þetta varðar,“ segir Hilmar.

Þá segir formaður stjórnarinnar
að jafnframt hafi verið gerðar
breytingar á gjaldskrá Vaðlaheiðar-
ganga.

„Sem gerir það viðráðanlega
fyrir bíla rétt yfir 3,5 tonn að fara
göngin. Okkar von er því að þetta
muni lagast enn frekar,“ segir Hilmar
Gunnlaugsson. – sa



Björn Viglundsson.

Björn ráðinn til Iceland Travel

VÍDSKIPTI Björn Viglundsson hefur
verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri
Iceland Travel, dótturfélags Ice-
landair Group, en Hörður Gunnar-
sson sem leitt hefur félagið í tæpan
áratug lætur af störfum.

Gert er ráð fyrir að söluferli á Ice-
land Travel hefjist á haustmánuðum.

Björn starfaði sem framkvæmda-
stjóri miðla hjá Sýn á árunum
2017-2019 þar sem hann leiddi
sameiningu ljósvaka- og netmiðla
Vodafone og 365 við samruna. „Það
er ánægjulegt að fá Björn Viglund-
son til starfa en hann hefur áratuga
reynslu af stjórnun markaðs- og
sölumála, segir Bogi Nils Bogason,
forstjóri Icelandair. – þhf

Nýr Herjólfur afhentur ytra

SAMGÖNGUR Vegagerðin hefur
fengið nýju Vestmannaeyjaferjuna
Herjólf afhenta í Gdynia í Póllandi.
Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri
Vegagerðarinnar, og Ireneusz Ćwirko,
eigandi og stjórnarformaður
skipasmíðastöðvarinnar Crist S.A.,
skrifuðu í gær undir tilheyrandi
pappira þess ennis.

Á sama tíma var gengið frá loka-
greiðslu og uppgjöri vegna ferj-
unnar. Herjólfur ohf., sem sér um
rekstur siglinga milli lands og Eyja,
leigir ferjuna án áhafnar og mun
fljótlega sigla skipinu heim.

Vegagerðin hafði átt í stífum
samningaviðræðum við skipa-
smíðastöðina frá því í lok febrúar
þegar ljóst var að stöðin krefðist
viðbótargreiðslu upp á 8,9 milljónir
evra. – smj

Bjuggu með ungbarn sitt í rakaskemmdri stúdentaíbúð

Rósa Rún Aðalsteinsdóttir bjó í rakaskemmdri íbúð á stúdentagörðum og segist ekki hafa verið upplýst um ástandið. Rakaskemmdir hafa fundist í fjölda íbúða á stúdentagörðum í Fossvogi. Hafist hefur verið handa við úrbætur. Upplýsingafulltrúi Félagsstofnunar stúdenta segir alla íbúana hafa verið upplýsta.

HEILBRIGÐISMÁL. „Við vorum fljót að
átta okkur á því að þarna væri eitthvert
vandamál og að eitthvað hefði
verið gert vitlaust á byggingarstigi.
Þetta mál er núna fyrir dómstólum,“
segir Rebekka Sigurðardóttir, upp-
lýsingafulltrúi Félagsstofnunar stú-
denta, en rakaskemmdir hafa fundist
í fjölda íbúða á stúdentagörðum í
Fossvogi. Húsin voru tekin í notkun
á árunum 2009-2010.

Árið 2013 komu fram raka-
skemmdir í nokkrum íbúðum á
Skógarvegi og samkvæmt FS voru
þær íbúðir teknar úr leigu ásamt því
að fylgst var vel með rakastigi allra
íbúðanna. FS höfðaði mál á hendur
þeim sem sáu um byggingu húsanna
en málið er enn opið.

Rebekka segir að allir sem bjuggu
í íbúðum þar sem raki mældist yfir
mörkum hafi verið upplýstir og að
öryggis þeirra hafi verið gætt.

„Við höfum lagt áherslu á að gæta
öryggis íbúanna, að upplýsa þá sem
best og taka svo hvert einasta mál
fyrir og ef það er einhver óánægja,
að ræða þá sérstaklega við íbúana,“
segir Rebekka.

Rósa Rún Aðalsteinsdóttir bjó
ásamt fjölskyldu sinni á Skógar-
vegi 18 árin 2016-2017. Hún varð vör
við „svartar loðnar rákir“ meðfram
öllum gluggum í íbúðinni og hafði
samband við Félagsstofnun Stú-
denta í það minnsta í fjögur skipti til
að leita bóta á ástandi íbúðarinnar.
Svörin sem hún fékk voru að lofta
betur út í íbúðinni.

„FS kom svo heim til okkar til þess
að athuga með rakastigi og ástand
íbúðarinnar, sögðu það almennt
„tökk“. Ég fékk aldrei neitt út úr
þessum mælingum,“ segir Rósa. Hún
flutti skömmu síðar þá komin með
nóg af ástandinu. „Mér leid aldrei vel
þarna inni og við flúðum án þess að
fá nokkur svör.“

Íbúðin sem Rósa bjó í hefur staðið



Rakaskemmdir hafa gert vart við sig í stúdentagörðum á Skógarvegi. Lagfæringar eru hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Við það varð ég
brjáluð. Ég var búin
að búa þarna með tvö börn.**

Rósa Rún Aðal-
steinsdóttir



tóm frá því um mitt sumar 2017, eða
í tæp tvö ár. Í janúar árið 2019 fékk
FS leyfi til þess að hefjast handa við
framkvæmdir í húsunum á Skógar-
vegi en leyfi hafði ekki fengist fyrir
því dómsmál FS og verktakanna

sem sáu um byggingu húsanna er
enn opið í dómkerfinu.

„Við fengum núna í vetur loksins
leyfi til þess að hefjast handa en við
vorum búin að taka talsvert af íbúð-
um úr leigu þar sem að raki mældist
þannig að við vildum ekki að fólk
byggji í íbúðunum,“ segir Rebekka.

Rósa og fjölskylda hennar fengu
aldrei upplýsingar um það hvort raki
hefði mælst yfir mörkum í íbúðinni
en þar sem ekki hefur verið búið í
íbúðinni síðastliðin tvö ár segir Rósa
að telja megi líklegt að þar hafi verð
raki eða mygla.

„Það var ekki fyrir en mörgum
mánuðum seinna eftir að ég flyt
út að ég tek smá rúnt þarna til að

forvitnast og þá sé ég að það er allt
plastað og einangrað. Við það varð
ég brjáluð. Ég var búin að búa þarna
með tvö börn og annað þeirra var
þá ungbarn. Ég flutti út tveimur
árum áður en framkvæmdir hófust
svo ekki er það ástæðan fyrir því að
íbúðin hefur staðið tóm.“

Mikil óánægja hefur ríkt á meðal
íbúanna á Skógarvegi þrátt fyrir að
þeir taki framkvæmdunum fagn-
andi. Margir tala um að upplýsinga-
flæði sé ekki gott og reynt hafi verið
að hylma yfir alvarleika málsins.
Íbúarnir sem Fréttablaðið hafði
samband við vildu ekki koma fram
undir nafni við gerð fréttarinnar.

birnadrofn@frettabladid.is

Áskorun um áfengi í búðir send til umsagnar í borgarnefndum

STJÓRN MÁL Tillögu borgarstjórnar-
flokks Sjálfstæðisflokksins um að
skora á Alþingi að afnema einokun
ríkisins á áfengissölu var vísað
til umsagnar í borgarstjórn í gær.
Borgarfulltrúar Viðreisnar og Pírata
styðja málið ásamt borgarfulltrúa
Samfylkingarinnar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
lagði til að vísa málinu til umhverfis-
og skipulagssviðs og skóla- og frí-
stundasviðs. Það var samþykkt með
tölf atkvæðum gegn tíu.

„Þetta styður við markmið
borgarinnar í aðalskipulagi um að
gera hverfin meira sjálfbær. Mark-
miðið er að fólk geti sótt sér alla
helstu þjónustu inni í hverfunum,
við viljum þannig koma í veg fyrir

að fólk þurfi þá að fara allar leiðir
á bíl,“ segir Hildur Björnsdóttir,
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins,
sem talaði fyrir tillögunni.

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi
Viðreisnar, sagði ekkert liggja á, það
væri nægur tíma til að fá umsagnir.

„Stuðningur Viðreisnar og Pírata
hefði nægt til að tryggja þessu ein-
falda frelsismáli framgang. Vand-
ræðalegt að fulltrúar þessara flokki
hafi ekki staðið með prinsippunum
er til kastanna kom,“ segir Hildur.

Alþingi hefur oft tekið fyrir frum-
vörp um afnám ríkiseinokunar á
áfengissölu. Nú er frumvarp Þor-
steins Viglundssonar, þingmanns
Viðreisnar, á borði velferðarnefnd-
ar. Fram kemur í umsögn Embættis



Hildur Björns-
dóttir, borgar-
fulltrúi Sjálf-
stæðisflokksins.

landlæknis að það geti haft skaðleg
áhrif á heilbrigði þar sem niður-
stöður rannsóknna Alþjóðaheil-
brigðismálastofnunarinnar sýni að
takmarkað aðgengi dragi úr neyslu.

Hildur segir alls ekki gert lítið úr
skaðlegum áhrifum áfengis. „Við
teljum forvarnir bestu leiðina til að
tækla það. Fólk virðist ekki alltaf
gera sér grein fyrir því að núver-
andi fyrirkomulag tryggir mjög



Vigdís Hauks-
dóttir, borgar-
fulltrúi Mið-
flokksins.

gott aðgengi að áfengi.“ Bendir hún
á mikla fjölgun Vínubúða og lengri
opnunartíma. „Þar er líka mikið
úrval og verðinu haldið í algjöru
lægmarki, svo miklu að það má færa
fyrir því að rök að Vínubúðirnar séu
reknar með tapi.“

Hildur segir að setja megi
einkaaðilum skordur með löggjöf,
til dæmis á hvaða tíma má selja og
undir hvaða kringumstæðum.

Vigdís Hauksdóttir, oddviti Mið-
flokksins, er andvíg málinu. Hún
segir að leyfa áfengissölu í smásölu
hafi ekkert að gera með eflingu nær-
þjónustu í hverfum Reykjavíkur eða
styrkingar hverfaverslana.

„Það þarf mikið ímyndunar-
afl til að blanda saman markmiði
aðalskipulags Reykjavíkur og
frekara frjálsu aðgengi að áfengi,“
segir í bókun Vigdísar. Nú þegar
séu útsölastaðir í Reykjavík í öllum
hverfum borgarinnar, þar að auki
þurfi borgin að víðurkenna aukin
vandamál vegna vímuefnaneyslu
og fjölgun heimilisláusra af þeim
sökum. „Þessi tillaga á ekkert skylt
við frelsi. Frelsi til áfengiskaupa er
nú þegar til staðar.“ – ab



Almennu hlutafjárútboði Marel lýkur klukkan 15:30 í dag

Boðnir verða til sölu 100.000.000 nýir hlutir í Marel, eða sem samsvarar um 15% af útgefnu hlutafé í félaginu. Þar af verða allt að 9.090.909 nýir hlutir gefnir út í tengslum við hefðbundinn valrétt til að mæta umframeftirspurn.

Hlutafjárútboðið skiptist í:

- Almenn hlutafjárútboð á Íslandi
- Almenn hlutafjárútboð í Hollandi
- Alþjóðlegt útboð til fagfjárfesta sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum

Heildarfjöldi hluta í Marel fyrir hlutafjárukninguna er 671.007.916 hlutir. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og eru allir hlutirnir í einum flokki. Auðkenni hlutanna er MAREL og ISIN er IS0000000388. Áskriftartímabil í hlutafjárútboðinu hófst 29. maí 2019 kl. 7:00 (GMT). Almennu hlutafjárútboði á Íslandi og í Hollandi lýkur 5. júní 2019 kl. 15:30 (GMT) og alþjóðlegu útboði til fagfjárfesta lýkur 6. júní 2019 kl. 11:00 (GMT). Niðurstöður hlutafjárútboðsins verða birtar opinberlega í lok útboðstímabilsins sem er áætlað að verði þann 6. júní 2019.

Allir hlutir í hlutafjárútboðinu verða boðnir til sölu á leiðbeinandi verðbili frá 3,40 evrum allt að 3,90 evrum á hlut, en endanlegt útboðsgengi verður ákveðið af Marel í lok útboðstímabilsins sem er áætlað að verði 6. júní 2019.

Úthlutun til fjárfesta sem tekið hafa þátt í hlutafjárútboðinu verður ákveðin af Marel og mun eiga sér stað eftir að útboðstímabilinu lýkur. Allir seldir hlutir í hlutafjárútboðinu verða gefnir út í evrum hjá Euroclear í Hollandi. Óskað hefur verið eftir því að hlutirnir verði teknir til viðskipta í Euronext kauphöllinni í Amsterdam til viðbótar við skráningu allra hluta í Marel á Aðalmarkað Nasdaq Ísland. Gert er ráð fyrir að skilyrt viðskipti (háð töku hlutanna til viðskipta í Euronext í Amsterdam) hefjist 7. júní og fyrsti dagur óskilyrtra viðskipta sé 12. júní 2019, sem er einnig sá dagur sem gert er ráð fyrir að hlutirnir verði teknir til viðskipta hjá Euronext í Amsterdam.

Sjóðir á vegum Blackrock og Credit Suisse Asset Management (Switzerland) Ltd. hafa skuldbundið sig til áskriftar innan verðbilsins

Upplýsingar og aðstoð við áskriftir í almennu hlutafjárútboði á Íslandi

Verðbréfaþjónusta Arion banka: s. 444 7000, marel-utbod@arionbanki.is kl. 9:00-16:00 alla virka daga
Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans: s. 410 4040, radgjofvl@landsbankinn.is kl. 9:15-16:00 alla virka daga

Nánari upplýsingar um Marel, hlutabréf í félaginu, áhættuþætti og skilmála hlutafjárútboðsins má finna í lýsingu Marel sem dagsett er 28. maí 2019. Lýsingin er eingöngu birt á ensku en samantekt lýsingarinnar hefur verið þýdd á íslensku. Í 12 mánuði frá birtingu lýsingarinnar má nálgast hana á vef Marel, www.marel.com/listing/prospectus, auk þess sem fjárfestar geta nálgast útprentuð eintök sér að kostnaðarlausu hjá Marel, Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

fyrir samanlagt allt að 102 milljónir evra sem hornsteinsfjárfestar. Heildarfjárhæð skuldbindinganna nemur um 26,2-28,6% af heildarfjölda hluta í útboðinu og 3,4-3,7% af útistandandi hlutafé eftir útboðið. Skuldbinding til áskriftar frá hornsteinsfjárfestum er háð endanlegu útboðsgengi að hámarki 3,90 evrur á hlut og hefðbundnum skilyrðum.

Almennt hlutafjárútboð á Íslandi

- Útboðstímabilið er frá kl. 7:00 (GMT) þann 29. maí 2019 til kl. 15:30 (GMT) þann 5. júní 2019.
- Lágmarksáskrift í útboðinu er að kaupverði 1.000 evrur.
- Allar áskriftir eru gerðar í evrum á útboðsgengi en allar greiðslur skulu fara fram í íslenskum krónum miðað við skráð gengi evru hjá Seðlabanka Íslands þann 6. júní 2019.
- Allir hlutir sem seldir verða í hlutafjárútboðinu verða gefnir út í evrum hjá Euroclear í Hollandi.
- Skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu eru að hafa íslenska kennitölu og vera fjárráða.
- Fjárfestar hafa heimild til að breyta eða hætta við áskriftir sínar á áskriftartímabilinu, en áskrift er bindandi í lok áskriftartímabils almenna hlutafjárútboðsins.
- Tekið er við áskriftum á áskriftarvef útboðsins á útboðstímabilinu, www.arionbanki.is/utbod-marel og www.landsbankinn.is/utbod/marel

Í útboðinu er forgangsúthlutun til almennra fjárfesta. Úthlutun til almennra fjárfesta verður forgangsraðað þannig að hverjum fjárfesti verður úthlutað 1.350 (eða færri) hlutum sem fjárfestir hefur skráð sig fyrir. Ef heildarfjöldi hluta sem almennir fjárfestar skrá sig fyrir fer umfram 10% af samanlögðum heildarfjölda hluta sem boðnir eru til sölu í útboðinu, að því gefnu að valréttur til að mæta umframeftirspurn verði ekki nýttur að neinu leyti, kann forgangsúthlutunin til almennra fjárfesta að lækka pro rata þannig að almennum fjárfesti verði úthlutað fyrstu 1.350 (eða færri) hlutum sem hann hefur skráð sig fyrir. Almennum fjárfestum getur því verið úthlutað færri hlutum en 1.350 hlutum (eða færri) sem þeir skrá sig fyrir. Nákvæmur fjöldi hluta sem úthlutað verður til almennra fjárfesta mun ráðast eftir að útboðstímabilinu lýkur sem er áætlað 6. júní 2019.

+PLÚS



Föstudlokum fagnað

Ramadan, helgasta mánuði múslima, lauk í gær með hátíðarhöldum í bænahúsi Félags múslima á Íslandi. Síðastliðinn mánuð hafa múslimar um allan heim fastað frá sólarupprás til sólarlags með það að markmiði að auka samkennd.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hriktir í afaveldinu



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Æmeira ber orðið á meinfýsi í opinberum samskiptum fólks. Þá þróun má sennilega að mestu rekja til samfélagsmiðla og kommentakerfa. Þar er föstum skotum skotið í allar áttir og lítið hirt um mannaði.

Alla tíð hefur verið til fólk af báðum kynjum sem ekki liggur á skoðunum sínum en nettröllin eru nýtt fyrirbæri. Vitaskuld er auðveldara að vera með ljótan munnsöfnuð og dónaskap á bak við tölvuskjá, en að hafa uppi slíkan málflutning augliti til auglitis og þurfa að standa fyrir máli sínu.

Sum nettröll skrifa undir nafni, en önnur ekki. Mörg þeirra þekkja flestir úr umræðunni. Mörg hafa áður verið í háum stöðum og notið virðingar í samfélaginu. Engu er líkara en þau séu í örvæntingu og eygi síðasta möguleikann til að láta að sér kveða í opinberri umræðu. Nafnleysingjunum virðist líða sérlega illa í eigin skinni og þurfa útrás úr handanheimnum sínum með því að rægja samborgara sína og tala niður til þeirra sem eru á öndverðum meiði. Sjaldnast verður úr þessu uppbyggileg rökræða.

Athygli vekur að nettröllin virðast mörg hver hafa sameinast að baki tveimur málefnum sem undanfarið hafa verið mikið til umræðu; annað er framsækið frumvarp um þungunarrof og hitt þingsályktunartilaga um þriðja orkupakkann.

Fyrirverandi þingkona Samfylkingarinnar setti sig eftirminnilega á háan hest og þóttist í stöðu til að taka formann velferðarnefndar, Halldóru Mogensen, í kennslustund í þingstörfum í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni á dögunum. Halldóra hafði tjáð þá skoðun sína að hún væri hlynnt frumvarpi um að leyfa þungunarrof fram að lokum 22. viku, sem þingmanninum fyrirverandi var á móti skapi.

Annað dæmi er fyrirverandi bankastjóri sem tók Sjálfstæðisflokkinn fyrir í færslu. Hann saknaði greinilega liðins tíma þegar foringjar voru foringjar og sagði landslagið breytt, um það leyti sem umræða um þriðja orkupakkann stóð sem hæst.

Stærstu sneiðina fengu varaformaður og ritari flokksins sem fara fyrir málinu og eru báðar ungar konur, en þó á líkum aldri og bankastjórinn var sjálfur þegar honum var treyst til að stýra heilum banka. Hann hélt því fram af alkunnri smekkvísi að varaformadurinn væri í sínu hlutverki vegna glæsileika og ritarinn því hún væri „sætasti krakkin“ í flokknum.

Orkupakkinn og þungunarrof eru bara nýjustu dæmin um málefni sem slá marga málglöða út af laginu. Margt annað má tína til, ekki sist þegar karlar sem sakna forréttinda sinna tala niður til kvenna sem komast til áhrifa.

Vondu fréttirnar eru að enn er til fólk sem lítur svo á að ungar konur eigi ekkert erindi; hvort sem er í stjórnunarstöðum fyrirtækja eða í stjórn-mál. Góðu fréttirnar eru að sífellt minni eftirspurn er eftir rykföllnum skoðunum þessa hóps.

Halldór



Vondu fréttirnar eru að enn er til fólk sem lítur svo á að ungar konur eigi ekkert erindi; hvort sem er í stjórnunarstöðum fyrirtækja eða í stjórn-mál. Góðu fréttirnar eru að sífellt minni eftirspurn er eftir rykföllnum skoðunum þessa hóps.

Frá degi til dags

Enn af nefndinni

Hin hataða „umboðslausa“ og „pólitiska nefnd frá útlöndum“ heldur áfram að niðast á Íslandinum hvað sem fullveldi og sjálfstæði liður. Í sjöunda sinn heldur hin umboðslausa nefnd því fram að réttarkerfi okkar sé áfátt og tekur ekkert tillit til fámennis okkar og þeirrar staðreyndar að við erum í raun ein stór fjölskylda. Við gagnrýni á handahófskennda skipun dómara bætist nú að foreldrar mega ekki lengur dæma í hagsmunamálum barna. Það er huggun harmi gegn að æðsti dómstóll okkar fullvalda ríkis stendur vörð um frændgarðinn og verst nefndinni vondu fimlega.

Nýir bandamenn

Eins og oft vill verða með utan- aðkomandi ógnir, hefur nefnd þessi þó komið því til leiðar að innlendar stríðandi fylkingar um völd yfir dómkerfinu geta nú snúið bókum saman; gegn ógninni við fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Fyrirverandi dómsmálaráðherra sem ætlaði að ráða niúrlögum hinnar íslensku dómaraklíku er nú skyndilega orðinn helsti bandamaður sömu vondu klíku, enda við stærri og hættulegri andstæðing að glíma; hina umboðslausu og mannorðsmýrðandi útendu nefnd, eða Mannréttindadómstól Evrópu eins og venjulegt fólk kys að kalla hana. adalheidur@frettabladid.is

Mál sem skipta máli



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram mörg mikilvæg frumvörp á þessu þingi sem nú sér fyrir endann á. Tvö frumvörp sem fela í sér mikla réttarbót hafa nú þegar verið samþykkt, annars vegar breytingar á lögum um nálgunarbann og hins vegar mál sem bætur stöðu barna sem missa foreldri. Fjöldi annarra mála sem hafa mikil áhrif á heimili og atvinnulíf landinu biður afgreiðslu. Ég bind miklar vonir við að þessi mál hljóti þó framgang á þessu kjör-tímabili.

Þingmenn flokksins hafa lagt fram skattalækkanir, m.a. um lækkun erfðafjárskatts að hluta til niður í 5%. Þarna ráða meðal annars sanngirnissjónarmið enda hafa verðmætin sem mynda skattstofn erfðafjárskattsins verið skattlögð áður. Þá liggja fyrir tvö frumvörp um afnám stimpilgjalda. Annað um afnám stimpilgjalda á stærri skipum, sem er eina atvinnutækid sem enn ber stimpilgjald. Hitt er frumvarp um afnám stimpilgjalds einstaklinga við kaup á íbúðarhúsnæði, það munar um minna þegar fólk kaupir sér fasteign.

Annað mál sem hefur áhrif á fasteignaverð er frumvarp sem felur í sér fulla endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðar- og verkamanna við húsbýggingar. Þá hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins einnig lagt fram frumvörp sem er ætlað að styðja við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, auðvelda iðnnemum að sækja háskólanám, endurgreiða virðisaukaskatt til góðgerðar- og félagasamtaka vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda auk þess sem lagt er til að þau félög sem eru undanskilin tekjuskatti verði einnig undanskilin fjármagnstekjuskatti. Þá leggja þingmenn til frumvarp sem auðveldar kynslóðaskipti í atvinnurekstri, t.d. bújarða, og um lagningu vegar í gegnum Teigskóg.

Þetta er ekki tæmandi listi en allt eru þetta mál sem snerta fólk. Þetta eru mál sem gera það að verkum að fólk heldur meira af sínu eigin fé, auðveldar uppbyggingu og starfsemi félaga, gefa fjölbreyttara námi meira vægi, hjálpa til við fasteignakaup og eða styrkja innvið samfélagsins í viðú samhengi. Þannig störfum við og þannig munum við starfa áfram.



Þetta er ekki tæmandi listi en allt eru þetta mál sem snerta fólk.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ↪ Litil orka
- ↪ Þróttleysi
- ↪ Veik bein
- ↪ Hormóna ójafnvægi
- ↪ Svefntruflanir
- ↪ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ↪ Köllun líffæra
- ↪ Óreglulegur hjartsláttur
- ↪ Kvíði
- ↪ Streita
- ↪ Pirringur



www.mammaveitbest.is

Evrópa getur ekki lengur horft í gegnum fingur sér með Katalóníu



Alfred Bosch
utanríkis-
ráðherra
Katalóníu

Pólítískur fangi í málaferlum í Madrid, fyrrverandi forseti Katalóníu og fyrrverandi ráðherra í útlegð í Belgíu – þessir menn hafa allir verið kjörnir á Evrópuþing. Oriol Junqueras, Carles Puigdemont og Toni Comín hafa verið valdir af ríkisborgurum Spánar og Katalóníu sem forsvarsmenn þeirra í Brussel og Strassborg.

Þegar þingið er sett 2. júlí getur Evrópa ekki litið undan kúgun Spánar á Katalóníu því hún verður beint fyrir framan nef hennar á Evrópuþinginu. Rétt eins og gerðist á þingi Spánar örfáum dögum fyrir ESB-kosningar mun Oriol Junqueras, leiðtogi vinstri lýðveldissinna

í Katalóníu, getað sótt réttindi sín sem kjörinn þingmaður. Eða hvað? Verður hann sviptur stjórn mála- og lýðræðislegum réttindum sínum?

Til þessa hefur Carles Puigdemont, fyrrverandi forseta Katalóníu, og Toni Comín, fyrrverandi ráðherra, verið meinaður aðgangur að Evrópuþingi í síðustu viku þar sem þeir voru að sögn ekki fullskráðir Evrópuþingmenn, á sama tíma og öðrum Evrópuþingmönnum voru gefnar tímabundnar faggildingar. Og að lokum þegar Evrópuþingið ákvað að draga til baka tímabundnar faggildingar til að koma í veg fyrir pólitískan ágreining við Spán.

Svipting á pólitískum réttindum samræmist evrópsku lýðræði. Eins og franskir evrópuþingmaðurinn José Bové sagði á pólitískum fundi í Barselóna í aðdraganda kosninganna: „Ef Oriol Junqueras er ekki við hlið mér þegar Evrópuþingið er sett verður þingið ekki lögmætt.“

Og þingið verður ekki lögmætt án pólitíska fangans og útlagens

þar sem pólitísk réttindi þeirra eru að fullu ósnortin. Dómstólar eiga að virða lög og vilja kjósenda. Oriol Junqueras hefur hingað til eytt nítján mánuðum í varðhaldi og situr nú fyrir hæstarétti Spánar af pólitískum ástæðum fyrir að nýta grundvallaréttindi sín, þrátt fyrir að vera löglega kjörinn fulltrúi Evrópuþingsins.

Frelsisbandalag Evrópu (EFA) bjóst við hinu sama þegar það valdi sér sérstakan frambjóðanda í forsetastól framkvæmdastjórnar ESB í fyrsta sinn fyrr á þessu ári. Til þess að vekja athygli á áframhaldandi kúgun á Spáni og sýna mannréttindabrot og skort á lýðræði, og í skugga uppreisnu öfgahægríafla um alla Evrópu, stillti EFA fram Oriol Junqueras. Í augum EFA er hann talsmaður frelsis og lýðræðis. Það eru einmitt þessi gildi sem Katalónía berst nú fyrir að varðveita.

Katalónskir flokkar á Evrópuþinginu vinna að því að byggja upp ESB og vilja fá að taka þátt í mikilvægum umræðum um þessa uppbyggingu og standa vörð um mannréttindi og



frelsi. Lýðveldissinnar vilja vinna að félagslegu réttlæti fyrir Evrópu.

Ófugt við Brexit-líða hafa Katalónar aldrei gefist upp á Evrópu og vilja áfram vera innan sambandsins. Aðgerðaleysi Evrópu í málum katalónskra ráðherra, forseta þingsins og aðgerðarsinna sem nú eru í gæsluvarðhaldi eða útlegð vakti vonbrigði. Hins vegar hefur katalónskt samfélag trú á evrópsku dómkerfi og í Evrópu hófum við fundið fyrir sam-

kennd og eignast nýja bandamenn.

Katalónía hefur alltaf tekið þátt í þróun þessa samevrópska verkefnis. Bæði héraðsstjórn og almennir borgarar hafa tekið þátt í evrópskri umræðu og lagt fram tillögur, hugmyndir og verkefni. Nú er kominn tími til þess að Evrópa geri eitthvað fyrir Katalóníu. Evrópa á að hafa stofngildi sambandsins í huga og standa vörð um réttindi borgara og stuðla að viðræðum.

Dramað í Passíusálmunum



Steinunn
Jóhannesdóttir
rithöfundur

Strax eftir páska birtist grein í Fréttablaðinu eftir Árna Heimi Ingólfsson tónlistarfræðing undir titlinum Misskilningurinn með Passíusálmanna. Þar furðar greinarhöfundur sig á þeim flutningsmáta sem sálmunum sé búinn á 21. öldinni og felist í því „að sálmarnir séu lesnir upphátt í kirkjum landsins á föstudaginn langa.“ Sú hefð á upptök sín í Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti sem vígð var haustið 1986. Á fyrstu starfsárum kirkjunnar fékk leikhúsmáðurinn Eyvindur Erlendsson þar inni á föstudaginn langa í því skyni að flytja verk Hallgrims

í heild sinni. Þarna urðu tímamót í flutningi Passíusálmanna. Með þessu móti gafst hlustendum tækifæri til þess að meðtaka verkið frá upphafi til enda á rúmum fimm klukkustundum. Leikhúsmáðurinn sýndi með gjörningnum fram á skyldleika Passíusálmanna við klassíska harmleiki fyrri alda sem fylgdu kröfu Aristótelesar um þrjú tíma, rúms og atburðarásar. Atburðarás Passíusálmanna byggir á atburðum föstudagsins langa og á sér öll stað í Jerúsalem. Krossferli Jesú er fylgt gegnum kvöl og angist allt til líflátsdóms, dauða og greiftrunar. Aukapersónur eru fjölmargar og þeim eru gerð mögnuð skil. Hlustendur fylgjast með dramatískri framvinduinni nánast í rauntíma, en staldra við hvert atriði í útlekkingu skáldsins og skoða líf sitt og breyskleika mannsins í samhenginu. Fyrir tilstilli Passíusálmanna hefur föstudagurinn langi orðið einhver mikilvægasti ihugunardagur fjölmargra Íslendinga. Því til

staðfestingar má nefna að á annað þúsund manns sóttu atburðinn þegar sjö leikkonur fluttu sálmanna síðasta langa föstudag í Hallgrímskirkju. Fleiri kirkjur drögu að fólk.

Arfleifð Eyvindar

Segja má að frumkvæði Eyvindar Erlendssonar hafi borið ríkulegan ávöxt. Þótt hann sjálfur hafi fyrir löngu dregið sig í hlé hefur verkefnið lifað eigin lífi og blómgastr undir stjórn annarra, einkum bókmenntafræðinga, skálda og rithöfunda sem enduruppögötvuðu gamlan kollega í Hallgrími Péturssyni og féllu kylliflatir fyrir sníld hans. Enginn hörgull hefur orðið á fólk af öllu tagi sem vildi spreyta sig á lestrinum. Fram að tiltæki Eyvindar hafði opinber flutningur Passíusálmanna að mestu verið í höndum prestastéttarinnar og guðfræðinga sem lögðu grunninn að lestrum á verkinu í Ríkisútvarpinu á lönguföstu allt frá lýðveldisárinu 1944. Passíusálmarnir hafa þó aldr-

ei lokast inni hjá menntamönnum einum og elítum, eins og örlög hliðstæðra sálma hafa orðið í öðrum löndum, heldur hafa þeir í aldanna rás verið elskaðir af alþjóðu manna á Íslandi, sem ýmist gat lesið þá sjálf á bók eða hlýtt á þá lesna eða sungna á heimilum sínum á föstunni. Með frumkvæði Eyvindar má segja að Passíusálmarnir hafi fundið nýjan farveg að sálum hlustenda. Það er því ómaklegt að hnýta í arfleifð hans sem og leikarastéttina fyrir það framlag, eins og Árni Heimir gerir.

Þúsund erindi sungin

Árni telur réttara að syngja sálmanna en flytja þá í heild sinni sem ljódmál. Að slíku hafa verið gerð nokkur tilhlaup undanfarin ár af ekki minni mönnum en Smára Ólasyni, Megasi og Jóni Ásgeirssyni. Leikarar eru engin hindrun á vegi tónlistarfólks sem vill takast á við Passíusálmanna. Þó ber að hafa í huga að sálmarnir eru fimmtíu að tölu í um þúsund



Hvað Hallgrímur sá fyrir sér um flutninginn rúmum 350 árum eftir að hann setti verkið saman vitum við ekki svo gjörlla. Bara að það var metnaðarfullt skáld sem gekk út „undir blæ himins bliðan“ og orti.

erindum svo hugsanlega þarf samkomulag við áheyrendur um helmingi lengri setu í bekkjunum ef syngja á alla í einni lotu. Hvað Hallgrímur sá fyrir sér um flutninginn rúmum 350 árum eftir að hann setti verkið saman vitum við ekki svo gjörlla. Bara að það var metnaðarfullt skáld sem gekk út „undir blæ himins bliðan“ og orti. Hann vildi ná til margra.

GRILLJÓN

ástæður til að grilla

... því það er svo fljótlegt

ÁSTÆÐA

3.030

KRONAN

Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Blaklandslíð Íslands þurfti að standa straum af kostnaði að hluta sjálf til að komast á Smáþjóðaleikana. MYND/ÍSI

Landslíðsfólk þarf að borga fyrir að vera valið í landslíðið


Aðeins Knattspyrnusamband Íslands hefur nógu digra sjóði að leita í til að landslíðsfólk þess þurfi ekki að greiða fyrir landslíðsferðir. Blaklandslíðsfólk safnaði að hluta til sjálf fyrir keppni á Smáþjóðaleikum. Línan skýr hjá Frjálsíþróttasambandinu. 380 milljónum úthlutað úr afreksíþróttasjóði ÍSÍ.

ÍPRÓTTIR „Afrekssjóðurinn hefur breytt miklu, og okkar landslagi, en staðan er enn þannig að landslíðsfólk okkar þarf að greiða hluta af kostnaði við landslíðsferðir,“ segir Grétar Eggertsson, formaður Blaksambands Íslands, en landslíðsfólk sambandsins þurfti að standa í fjáröflun fyrir Smáþjóðaleikana sem er nýlökkið í Svartfjallalandi.

Fréttablaðið sagði frá því á mánudaginn að Íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar teldi nauðsynlegt að hækka styrki til efnilegasta íþróttafólks á Suðurnesjum sem tekur þátt í landslíðsverkefnum. Kostnaður leikmanna liðanna sem taka þátt í verkefnum yngri landslíðanna í körfubolta erlendis hleypur á milljónum.

En það eru ekki aðeins yngri landslíðsmenn sem þurfa að standa straum af kostnaði sem fylgir því að vera í landslíði. Landslíðsmenn og -konur í blaki þurftu að sinna fjáröflun til að komast á Smáþjóðaleikana. „Ég þekki ekki hvernig þetta er hjá öllum hinum sérsamböndunum. En staðan hjá BLÍ er þannig að landslíðsfólk stendur undir hluta af kostnaði. Við komum til móts við okkar landslíðsfólk en auðvitað er bagalegt að A-landslíðsfólk þurfi að greiða fyrir ferðir sínar,“ segir Grétar. Ekki er búið að gera upp hvað hver landslíðsmaður þurfti að greiða. „Styrkjaleit og fjáröflun, það er töluverð vinna og tími sem fer í það, sem maður vildi að fólkíð okkar nýtti frekar í að æfa íþróttina,“ bætir hann við.

Úthlutun afreksíþróttasjóds ÍSÍ 2018 Yfir 10 milljónir



Auðvitað er bagalegt að A-landslíðsfólk þurfi að greiða fyrir ferðir sínar.

Grétar Eggertsson, formaður Blaksambands Íslands



Þetta er víðráðanlegt í frjálsíþróttabransanum en auðvitað vildi maður óska að landslíðsfólk þyrfti ekki að borga.

Freyr Ólafsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands



Afreksíþróttasjóður úthlutaði um 350 milljónum fyrir árið 2018 og hækkaði um 100 milljónir milli ára. KSÍ fékk 0 krónur fyrir síðasta ár en

flestir formenn sérsambanda sem Fréttablaðið hefur rætt við telja að það sé eina sérsambandið sem þurfi ekki að láta sína iðkendur borga

O

krónum var Knattspyrnusambandi Íslands úthlutað.

einhvern hluta. Rekstrartekjur KSÍ námu 2,4 milljörðum króna á síðasta ári samkvæmt ársreikningi og nam rekstrarhagnaður 502 milljónum króna. Heildarkostnaður við öll landslíð Íslands í fótbolta nam 1,2 milljörðum króna árið 2018.

„Hjá okkur í Blaksambandinu, þá eru búin að vera mörg stór verkefni að undanförunu og sambandið hefur ekki djúpa vasa. En afrekssstyrkurinn hefur breytt töluvert miklu í kringum allt starfið líka,“ segir Grétar en Blaksambandið fékk 10,5 milljónir á síðasta ári úr sjóðnum.

Freyr Ólafsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands, segir formið vera einfalt þar á bæ. Hver iðkandi borgi 45 þúsund krónur fyrir að taka þátt í erlendum mótum. Íþróttamaðurinn fær ekki reikninginn heldur félagið. „Það er svo undir íþróttafélaginu sjálfu komið hvað það gerir við reikninginn. Til dæmis í Reykjavík þá borgar ÍBR fyrir fólk í landslíðsverkefni. Það eru því 15 þúsund sem eftir standa á iðkanda. Þetta er víðráðanlegt í frjálsíþróttabransanum en auðvitað vildi maður óska að landslíðsfólk þyrfti ekki að borga.“ benediktboas@frettabladid.is

Úrskurða í máli Björgvins í dag

FÓTBOLTI Aganefnd KSÍ mun í dag tilkynna hvort Björgvin Stefáns-son, framherji KR, fari í leikbann fyrir rasisk ummæli sem hann lét falla við að lýsa leik Hauka og Þróttar á dögnum. Björgvin var í gær dæmdur í eins leiks bann í Mjólkurbikarnum vegna tveggja gulra spjalda og missir hann því af leik KR og Njarðvíkur í bikarnum.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur í tæpar tvær vikur unnið að því að finna út hver refsing Björgvins ætti að vera eftir að hann lét út úr sér rasisk ummæli um Archange Nkumu, leikmann Þróttar, þegar hann lýsti leik Hauka og Þróttar á Haukar TV. Björgvin var fljótur að senda frá sér afsökunarbeiðni og í kjölfarið birtu bæði Haukar og KR afsökunarbeiðni þar sem ummælin voru fordæmd.

Samkvæmt reglum KSÍ gæti Björgvin átt von á allt að fimm leikja banni sem myndi þýða að hann væri kominn í eins og hálfis mánaðar frí. – **kpt**

Ingvar kemur inn fyrir Rúnar

FÓTBOLTI Ingvar Jónsson, markvörður danska liðsins Viborg, hefur verið kallaður inn í leikmannahóp íslenska karlandslíðsins í knattspyrnu fyrir næstu leiki liðsins í undankeppni EM 2020 sem eru gegn Albaníu og Tyrklandi.

Ingvar kemur inn fyrir Rúnar Alex Rúnarsson sem meiddist í upphitun fyrir leik Dijon og Lens um helgina. Myndataka í gær leiddi í ljós að Rúnar gæti ekki gefið kost á sér í verkefnið og kallaði þjálfarateymið því Ingvar inn sem var síðast í landslíðinu í janúar. – **hó**

Tveir á förum frá Liverpool

FÓTBOLTI Liverpool sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem staðfest var að Alberto Moreno og Daniel Sturridge myndu yfirgefa félagið í sumar. Í tilkynningunni þakkar Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, þeim fyrir framlag sitt til félagsins en þeir voru báðir hjá Liverpool þegar Klopp tók við liðinu.

Báðir verða þeir samningslausir í sumar og ákvað félagið að bjóða þeim ekki nýja samninga í ljósi þess að báðir hafa þeir verið úti í kuldanum síðustu mánuði.

Alls lék Sturridge 160 leiki fyrir Liverpool og skoraði í þeim 67 mörk.

Moreno kom aðeins við sögu í fimm leikjum í vetur og hefur verið í hlutverki varaskeifu undanfarið ár eftir að hafa misst sæti sitt í liði Liverpool, fyrst til James Milner og síðar til Andy Robertson.

– **kpt**



OCTAVIA G-TEC Í SÁTT VIÐ VESKIÐ OG VÍÐÁTTUNA



ŠKODA



Škoda Octavia G-Tec. Vinsælasti metanbíllinn á Íslandi 2018.

Škoda Octavia hefur verið einn ástsælasti fjölskyldubíllinn hjá íslensku þjóðinni í áratugi. Aksturs-eiginleikarnir, þægindin, rýmið og sparneytnin hafa einkennt Octaviuna allar götur frá því hún kom á markað. Nú bjóðum við þennan einstaka bíl með nýrri og kraftmeiri vél; 1.5 TGI og 130 hestöfl. Octavia G-Tec gengur fyrir metani; íslenskum orkugjafa sem náttúran nýtur góðs af. Skiptu yfir í Octaviu G-Tec og byrjaðu að spara. Hlökkum til að sjá þig!

Octavia G-Tec

Combi / 1.5 TGI / 130 Hö / Sjálfsk.



Verð frá 3.990.000 kr.

Dráttarbeisli er innifalið í verðinu og veglegur afmælisþakki fylgir með fyrstu bílunum*

Fjarlægðartengdur hraðastillir · Krómpakki · Climatronics miðstöð
Hiti í framrúðu · Hiti í stýri

Að verðmæti 320.000 kr.



60
ŠKODA
OCTAVIA

60 ÁRA 1959-2019

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1915 Danmörk breytir stjórnarskrá sinni til þess að veita konum kosningarétt.

1920 Brjóstsykursgerðin Nói hefur starfsemi í kjallara við Túngötu í Reykjavík.

1924 Ernst Alexanderson sendir fyrsta símbréfið yfir Atlantshaf. Það er bréf til föður hans í Svíþjóð.

1956 Elvis Presley kynnir nýja smáskífu sína, Hound Dog, í sjónvarpinu og hneysklar áhorfendur með mjaðmahnykkjum sínum.

Ljós kviknaði eftir hrun

Sesselja Traustadóttir hefur lengi aðhyllst hjóreiðar sem ferðamáta. Hún ætlar að fjalla um þróun reiðhjólamenningar á Íslandi í Bókasafni Kópavogs í hádeginu í dag.



Sesselja telur reiðhjólid gjöfult tæki til samgangna.

Fyrir nokkrum áratugum keyptum við bara reiðhjól fyrir börnin okkar en áttuðum okkur ekki á því hversu gjöfult það er til samgangna. Menn fóru dálítið ört í þann fasa að það væri gott að vera á einkabílum og hann fékk gríðarlegan forgang. Svo gerist það í kjölfar hrunsins að það verður þessi ríka vakning og allt í einu kviknar Ljós," segir Sesselja Traustadóttir hjá Hjólaferni sem verður með fyrirlestur í Bókasafni Kópavogs klukkan 12.15 í dag um hjólmenningu á höfuðborgarsvæðinu.

Sesselja telur átakið „Hjólum í vinnuna“ hafa skilað mörgum upp á hjólhestinn og síðan haldið þeim þar. „Nýjasta sprengjan eru rafmagnshjólin. Fólk er búið að fatta að það er bara notalegt að renna sér á þeim úr Hafnarfirði inn í Reykjavík á sama tíma og bílarnir eru fastir í umferðinni. Koma svo ferskt og endurnært í vinnuna, án þess að hafa svitnað!“

Fleira jákvætt gerðist eftir hrun að

mati Sesselju. Hún nefnir öflugna samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í að byggja upp hjólastíga. „Í dag eru merktar lykilleiðir sem lóða fólk úr Mosfellsbæ niður í miðbæ Reykjavíkur og sömuleiðis úr Mosó suður í Hafnarfjörð. Þær voru ekki merktar fyrir nokkrum árum. Þar fyrir utan er markvisst verið að bæta í stígakerfið og

byggja það upp þannig að aðgengilegra verði fyrir fólk að nota þennan ferðamáta.“

Sesselja mun koma víða við í sínu erindi á fyrstu hæð bókasafnsins og hlakkar til. „Það verður gaman að vera með fyrirlestur í Bókasafni Kópavogs í dag,“ segir hún. „Því þar fyrir utan er botnlaus umferð!“ gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hildur Magnúsdóttir

Vesturgötu 14 í Ólafsfirði,

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri 25. maí umvafin ást og hlýju. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 7. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Slysavarnafélag kvenna í Ólafsfirði.

Jóhann Helgason

Aðalbjörg Ólafsdóttir

Ríkhartó Lúðvíksson

Magnús Guðmundur Ólafsson

Agnes Númadóttir

Helgi Jóhannsson

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

Guðrún Pálína Jóhannsdóttir

Kristinn Bogi Antonsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kjartan Hafsteinn Guðmundsson

frá Búðum í Hlíðuvík á Hornströndum,

andaðist 29. maí á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi. Útför hans fer fram þriðjudaginn 11. júní kl. 13 frá Akranesarkirkju. Þeim sem vilja minnst hans er bent á dvalarheimilið Höfða, Akranesi.

Fyrir hönd aðstandenda,

Kolbrún Kjartansdóttir

Elin Hanna Kjartansdóttir

Hafsteinn Kjartansson

Hörður Kjartansson

Guðni Kjartansson

Jón Vestmann

Þuríður Baldursdóttir

Þórunn Elísdóttir

Magnea Erla Ottesen

börn og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórólfur Jónsson

fyrirverandi aðalbókari, Rafmagnsveitum ríkisins, Drápuhlíð 35, Reykjavík,

lést að morgni sunnudagsins 26. maí. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju miðvikudaginn 5. júní kl. 15.00.

Hulda Guðrún Þórólfsdóttir

Haukur Þórólfsson

Anna Laxdal Þórólfsdóttir

Friðný Heiða Þórólfsdóttir

Sonja, Guðný, Þórólfur, Ingvar, Rúnar, Þorsteinn Jökull, Heiða og Emma

Elfar Bjarnason



Ástkær bróðir minn og frændi okkar,

Oddgeir Pálsson

frá Miðgarði, Vestmannaeyjum,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 2. júní.

Jarðarför fer fram frá Kapellunni í Fossvogi föstudaginn 7. júní kl. 11.

Anna Regina Pálsdóttir og systkinabörn.



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir, ljósmóðir,

Dýrfinna Helga Klingenberg Sigurjónsdóttir

Hraunbæ 75, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörn 29. maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þann 20. júní. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á að styrkja Lífsspor eða Parkinsonsamtökin.

Elinborg Sigurðardóttir

Elinóra Inga Sigurðardóttir

Magnús Jóhannes Sigurðsson

Þórey Stefania Sigurðardóttir

Sigríður Helga Sigurðardóttir

Jón Helgi Sigurðsson

Sigrún Jóna Sigurðardóttir

Guðmundur Ingólfsson

Július Valsson

Margarita Raymondsdóttir

Guðmundur Vernharðsson

Inga Hafdis Sigurjónsdóttir

Kristófer Arnfjörð

Tómasson



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Judith Elisabet Christiansen

Krummahólum 41, 111 Reykjavík,

lést laugardaginn 1. júní. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 7. júní kl. 13.00.

Mortan Christian Holm

Súsanna Kosicki

Sigurður Yngvi Sveinsson

Anton Sveinsson

Sveinn Júlían Sveinsson

Guðveig Elísdóttir

Jody Towson

Kristín Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra

Sigurlín Margrét Gunnarsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 25. maí sl. Útför hennar fer fram frá Akranesarkirkju föstudaginn 7. júní kl. 13.

Guðrún Gunnarsdóttir og fjölskylda.



Elsku sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

Magnús Halldórsson

Svöluási 40, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu, föstudaginn 24. maí. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 7. júní klukkan 13.00.

Bryndís Magnúsdóttir

Guðrún Valdis Halldórsdóttir

Helga Kristín Halldórsdóttir

Fannar Már Arnarson

Sandra Hrönn Arnardóttir

og frændsystkini.

Kristján Guðbjartsson

Gauti Sigurpálsson

Sigríður Jónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Arndís Kr. Magnúsdóttir

hjúkrunarheimilinu Ísafold, áður Stríkinu 8, Garðabæ,

lést fimmtudaginn 30. maí.

Útförin fer fram frá Víðalínaskirkju, Garðabæ, föstudaginn 7. júní og hefst athöfnin kl. 13.00.

Jóhanna Kr. Hauksdóttir

Magnús I. Stefánsson

Guðlaugur Stefánsson

börn, barnabörn og barnabarnabörn.

Örlygur Örn Oddgeirsson

Kristjana Guðjónsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Gyðu Guðvarðardóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Bentína Jónsdóttir

Ásta Aldís Búadóttir

Hafdis Mjöll Búadóttir

Vildis Búadóttir

Heiðis Guðbjörg Búadóttir

Sædis Alda Búadóttir

Halldór Ármannsson

Trausti Jóel Helgason

Jón Sigurðsson

Ómar E. Erlingsson

Stefán Laufdal Gíslason

barnabörn og barnabarnabörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. júní 2019

22. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Gömlu stólparnir horfnir

Afþreyingarþjónusta verður sífellt stærri þáttur í fjarskiptarekstri. Tekjulíkon í greininni taka stöðugum stakkaskiptum. Innlend efnisgerð og íþróttir í aðalhlutverki. » 6



Árin 2008 til 2017 drógust tekjur af fjarskiptum í Evrópu saman um 20 prósent.



»2

Fara með meirihluta í hótelinu við Hörpu

Íslenskir fjárfestar lögðu félagi, sem heldur utan um byggingu lúxushótelis við hlið Hörpu, til 1,3 milljarða í fyrra og eignuðust þannig 66 prósent hlut í verkefninu. Þeir skuldbinda sig til að setja 1,7 milljarða til viðbótar í hótelframkvæmdina.

»4

Launatengd gjöld hækkað um 60 prósent

Frá aldamótum hafa launatengd gjöld farið úr því að vera 13,5 prósent af launum í 21,8 prósent samkvæmt nýrri skýrslu Intellecon. Framkvæmdastjóri FA segir varasamt að ganga lengra í því að leggja byrðar tengdar launagreiðslum á fyrirtæki.

»10

Nýr veruleiki

„Ljóst er að núverandi niðursveifla verður ólík þeim fyrri sem oftast nær hafa endað með gengisfalli, verðbólguþökum og vaxtahækkunum,“ segir Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter, í aðsendri grein.

Sólgleraugu,
útskriftargjafir
fyrir hann og hana



Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Prettán milljarða króna söluhagnaður Hvals

Hvalur, sem er að stórum hluta í eigu Kristjáns Loftssonar og fjölskyldu, bókfærði liðlega 13 milljarða króna hagnað af sölu hlutabréfa á síðasta rekstrarári, frá október árið 2017 til september árið 2018, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins, en hagnaðurinn skýrist að mestu af sölu dótturfélagsins Vogunar á Þriðjungshlut í HB Granda. Alls hagnaðist Hvalur um 14,1 milljarð króna í fyrra.

Sem kunnugt er seldi Vogun, ásamt Fiskveiðahlutafélaginu Venus sem er í eigu Kristjáns og fjölskyldu, samanlagt 34 prósent hlut sinn í HB Granda í apríl í fyrra fyrir samtals 21,7 milljarða króna en kaupandinn var Útgerðarfélag Reykjavíkur, áður Brim.

Eigið fé Hvals var 26,5 milljarðar króna í lok septembermánaðar í fyrra, í kjölfar sölunnar í HB Granda, en til samanburðar stóð það í 17,3 milljörðum króna á sama tíma árið 2017.

Eignir félagsins voru ríflega 28,8 milljarðar króna í lok september í fyrra en þar af átti það tæpa 16,8 millj-

26,5

milljarðar króna var eigið fé Hvals í lok september í fyrra.

arða króna á bankainnistæðum og 7,8 milljarða króna í hlutabréfum, til að mynda í Arion banka, Hampiðjuni og Origo, að því er fram kemur í ársreikningnum.

Hvalur keypti á rekstrarárinu 3,5 prósent hlut í sjálfum sér fyrir liðlega 566 milljónir króna en í ársreikningnum er tekið fram að ástæða kaupanna hafi verið óskir tiltekinn hluthafa um að selja hlut sinn. Gengið í viðskiptunum var um 0,6 sinnum bókfært eigið fé félagsins eins og það var í lok september í fyrra.

Beinn eignarhlutur forstjórans Kristjáns Loftssonar í Hval jókst úr 1,2 prósentum í 8,7 prósent á síðasta rekstrarári en á móti minnkaði eignarhlutur stærsta hluthafans, Fiskveiðahlutafélagsins Venusar, sem Kristján er í forsvari fyrir, úr 39,5 prósentum í 32,4 prósent.

Stjórn Hvals leggur til að greiddur verði arður upp á 1,5 milljarða króna til hluthafa í ár, eftir því sem fram kemur í ársreikningnum. – kj



Kristján Loftsson, forstjóri Hvals.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG Torg, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000


Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is



Stefnt er að opnun hótelsins næsta vor, tveimur árum síðar en upphaflega var áætlað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fara með meirihluta í hótelinu við Hörpu

Íslenskir fjárfestar lögðu félagi utan um byggingu lúxushótels við hlið Hörpu til 1,3 milljarða og eignuðust 66 prósent hlut í verkefninu. Skuldbinda sig til að setja 1,7 milljarða til viðbótar. Heildarfjárfesting þá 5,2 milljarðar króna.

Íslenskir einkafjárfestar og lífeyrissjóðir fara nú með meirihluta hlutfjár í félagi sem stendur um byggingu fimm stjörnu Marriott Edition-hótels sem rís nú við hlið Hörpu í Austurhöfn. Hópurinn, sem er undir forystu framtaks-sjóðs í rekstri Stefnis, lagði félaginu til tæpa 1,3 milljarða króna í nýtt hlutafé í fyrra og eignuðist þá 66 prósent hlut í verkefninu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er áformað að endanlegur hlutur Íslendinganna í verkefninu – í gegnum félagið Mandólín – verði um 70 prósent á móti 30 prósent hlut bandaríska fasteignaþróunarfélagsins Carpenter & Company.

Íslensku fjárfestarnir lögðu fyrir á árinu Cambridge Plaza Venture Company, móðurfélagi hótelfélagsins, til um sex milljónir dala, jafnvirði um 740 milljóna króna, í nýtt hlutafé, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, en þeir hafa skuldbundið sig til að setja 14 milljónir dala, ríflega 1,7 milljarða króna, til viðbótar í félagið.

Skuldbinding Mandólíns gagnvart verkefninu var aukin um 11 milljónir dala í lok síðasta árs, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins, og er heildarskuldbinding þess því nú allt að 42 milljónir dala eða sem jafngildir tæplega 5,2 milljörðum króna miðað við núverandi gengi.

Carpenter & Company, sem íslenski fjárfestirinn Eggert Þór Dagbjartsson er hluthafi í, lagði

■ Hluthafar Mandólíns

SÍA III	50,0%
Snæból	12,5%
Stormtré	12,5%
Vitinn Reykjavík	9,4%
Almenni lífeyrissjóðurinn	6,2%
Festa lífeyrissjóður	5,4%
Feier	4,1%

stærstan hluta af eiginfjárframlagi sínu í hótelvefnið á fyrstu stigum þess og fór sem dæmi með 61,5 prósent hlut í framkvæmdinni í lok árs 2016. Í kjölfar síðustu hlutfjár- aukningar í hótelinu hafa íslensku fjárfestarnir hins vegar eignast ríflegan meirihluta í verkefninu.

Ef miðað er við að heildarfjárfesting Mandólíns fyrir 70 prósent hlut í verkefninu verði 42 milljónir dala, eins og skuldbinding félagsins hljóðar upp á, munu eigendur hótelfélagsins leggja því til alls um 60 milljónir dala, jafnvirði 7,4 milljarða króna, en verkefnið er að öðru leyti fjármagnað með lánsfé. Arion banki er sem kunnugt er aðallánveitandi að verkefninu og var jafnframt meðal stærstu eigenda lóðarinnar sem lögð er undir hótelið.

Stærsti hluthafi Mandólíns með helmingshlut er framtakssjóðurinn SÍA III, sem er í rekstri Stefnis, dótturfélags Arion banka, en í hluthafahópi sjóðsins eru einkum íslenskir lífeyrissjóðir og tryggingafélög.

Næststærstu hluthafar Mandólíns, með 12,5 prósent hlut hvor, eru félögin Snæból og Stormtré en fyrrnefnda félagið er í jafnri eigu

hjónnanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur og það síðarnefnda í eigu Hreggviðs Jónssonar, aðaleiganda Veritas Capital.

Þá fer Vitinn Reykjavík, sem er að stærstum hluta í eigu viðskiptafélaganna Jónasar Hagan Guðmundssonar og Gríms Garðarssonar, með 9,4 prósent hlut, Almenni lífeyrissjóðurinn með 6,2 prósent, Festa lífeyrissjóður 5,4 prósent og loks heldur Feier, félag hjónanna Hjörleifs Jakobssonar og Hjördisar Ásberg, á 4,1 prósent hlut.

Upphaflega stóð til að opna hótelið í fyrra en Richard L. Friedman, forstjóri og aðaleigandi Carpenter & Company, og Daniel Flannery, framkvæmdastjóri Edition-hótela Marriott, sögðu í samtali við Fréttablaðið um síðustu helgi að nú væri stefnt að opnun næsta vor. Samið hefur verið til 50 ára við Marriott Edition sem mun sjá um reksturinn.

Spurður um kostnaðinn við framkvæmdirnar sagði Friedman að bygging fimm stjörnu hótela fæli í sér áskoranir og því hefðu erlendir sérfræðingar verið kallaðir til starfa með hinum íslensku.

„Íslenskir verktakar hafa ekki byggt fimm stjörnu hótél áður. Það gefur augaleið. Það er allt öðruvísi en að byggja íbúðablokk eða skrifstofubyggingu. Þannig að það hefur verið áskoran,“ sagði hann.

Þrátt fyrir tafir og kostnaðarauka sagði Friedman hins vegar vera brattur. „Þegar allt kemur til alls hef ég ekki áhyggjur.“ hordur@frettabladid.is, kristinningi@frettabladid.is

Fjárfestar í Óskabeini með 3,5% í Sýn

Fjárfestar sem eiga eignarhaldsfélagið Óskabeini, sem er meðal annars í hópi stærstu hluthafa tryggingafélagsins VÍS, hafa eignast um 3,5 prósent hlut í Sýn, samkvæmt heimildum Markaðarins. Miðað við núverandi gengi bréfa félagsins er hluturinn metinn á liðlega 370 milljónir króna sem skilar þeim í hóp tíu stærstu hluthafa Sýnar.

Þeir sem ráða för í fjárfestingafélaginu Óskabeini eru viðskiptafélagarnir Andri Gunnarsson og Fannar Ólafsson, sem eru meðal annars í hópi eigenda að Keahótelum, Gestur Breiðfjörð Gestsson, stjórnarmaður í VÍS og eigandi Sparnaðar, og Engilbert Hafsteins-

10,6

milljarðar króna er markaðsvirði Sýnar.

son, fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá WOW air.

Eignarhlutur fjárfestanna, sem komu inn í hluthafahóp fjarskiptafyrirtækisins undir lok síðasta mánaðar, er í gegnum framvirka samninga hjá Arion banka, samkvæmt heimildum Markaðarins. Í flöggun til Kauphallarinnar þann 27. maí síðastliðinn kom fram að bankinn væri skráður fyrir samtals 5,25 prósent hlut.

Fyrir utan fjárfestingafélagið Ursus, sem er í eigu Heiðars Guðjónssonar fjárfestis og nýráðins forstjóra Sýnar, eru fjárfestarnir í Óskabeini næstumsvifamestu einkafjárfestarnir í hluthafahópi Sýnar. Eignarhlutur Ursus í Sýn, sem var að hluta til færður fyrir skemmstu yfir í framvirka samninga hjá Kviku banka, er um átta prósent. Stærstu hluthafar félagsins eru hins vegar breski vogunarsjóðurinn Landsdowne, Gildi lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður verslunarmanna.

Hlutabréfaverð Sýnar stendur í 35,8 krónum á hlut og hefur lækkað um rúmlega 46 prósent á síðustu tólf mánuðum. – hae

VOLVO XC JEPPARNIR

HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum.
Þess vegna hönnuðum við þrjá.
XC jepparnir eru hannaðir fyrir útivistina, íþróttirnar, dagsins önn, -
tónlistina, ferðalagið, fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus
- hver á sinn hátt.
Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

Veldu þinn Volvo XC jeppa

VOLVO XC60 AWD

XC60 AWD D5 dísil verð frá: 7.790.000 kr.
XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.890.000 kr.

VOLVO XC90 AWD

XC90 AWD D5 dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.690.000 kr.

VOLVO XC40 AWD

XC40 AWD D4 dísil verð frá: 6.590.000 kr.



Til afhendingar strax

V O L V O



Brimborg Reykjavík
Bíldshófi 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

Gjöldin hækkað um sextíu prósent

Frá aldamótum hafa launategnd gjöld farið úr því að vera 13,5 prósent af launum í 21,8 prósent samkvæmt nýrri skýrslu Intellecton. Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir varasamt að ganga lengra í því að leggja byrðar á fyrirtæki. Hækkunin sé sláandi.

Atvinnurekandi sem var með tíu manns í vinnu árið 2000 og greiddi þeim þá miðgildi launa hefur nú aðeins efni á að greiða tæplega sex starfsmönnum laun nema til komi framleiðniaukning sem vegi upp á móti kostnaðinum. Á tímabilinu hafa launategnd gjöld farið úr því að vera 13,5 prósent af launum í 21,8 prósent og hækkað þannig alls um riflega sextíu prósent.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu sem ráðgjafarfyrirtækið Intellecton hefur unnið fyrir Félag atvinnurekenda og kynnt verður í dag.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir hækkan launategndra gjalda á undanförunum tveimur áratugum sláandi. Kostnaðurinn sé orðinn verulega þyngjandi fyrir fyrirtæki.

„Við teljum að það verði ekki gengið lengra í því að leggja byrðar tengdar launagreiðslum á fyrirtæki,“ segir Ólafur í samtali við Markaðinn. Því hærrí sem launategndi kostnaðurinn sé, þeim mun meira hikandi séu fyrirtæki við að bæta við sig starfsfólki.

Í skýrslunni, sem hagfræðingarnir Gunnar Haraldsson og Kári S. Friðriksson skrifuðu, er farið yfir þróun launa undanförunum ár og er þá miðað við launagreiðslur til félagsmanna í VR. Er meðal annars bent á að útborguð laun hafi hækkað verulega frá árinu 2011 á verðlagi síðasta árs en þannig hafi tekjulægsti hópurinn hækkað um 20,2 prósent á tímabilinu, þeir sem séu með laun nálægt miðgildi hafi hækkað um 21,8 prósent og þeir tekjuhæstu um 23,3 prósent.

Á sama tíma hafi tekjuskattur snarhækkað, eða um tæp 33 prósent hjá tekjulægsta hópnum, 26 prósent hjá þeim sem eru með laun nálægt miðgildi og 23,6 prósent hjá þeim sem eru með hæstu tekjurnar.

Launategnd gjöld, það er kostnaður launagreiðanda sem leggst ofan á laun, hafa hækkað enn meira á tímabilinu – á verðlagi ársins 2018 – en fyrir tekjulægsta hópinn hafa slík launategnd gjöld hækkað um 42 prósent, 38,3 prósent hjá þeim sem eru með laun nálægt miðgildi og 37,2 prósent hjá þeim tekjuhæstu, eftir því sem fram kemur í skýrslunni.

Vinna þarf gegn þróuninni


Ólafur bendir á að launategnd gjöld hafi í fyrra verið um 21,8 prósent af launum sem þýði í reynd að fyrirtæki með fimm starfsmenn borgi laun þess sjötta í launategnd gjöld.

Varasamt sé að ganga lengra í



Allir liðir launategndra gjalda hafa vaxið frá aldamótum og telur Félag atvinnurekenda varasamt að ganga lengra í þeim efnum. FRÉTTAÐIÐ/ANTON BRINK

Hlutfall launategndra gjalda af útborguðum launum



Hækkun á árunum 2011 til 2018

	2011	2018
Tryggingagjald	3,99%	→ 5,15%
Atvinnu-tryggingagjald	1,15%	→ 1,35%
Sjúkragjöldur	1%	→ 1%
Lögbundinn lífeyrissparnaður	6%	→ 11,5%
Mótfélag vegna séreignarsparnaðar	1%	→ 2%
Aðrir liðir	0,34%	→ 0,78%

þessum efnum. Vinna þurfi gegn þróuninni.

„Hækkun tryggingagjaldsins átti til dæmis að vera tímabundin vegna afar slaks atvinnuástands eftir hrún en hún hefur ekki gengið að fullu til baka. Á næsta ári verður tryggingagjaldið enn heilu prósentustigi hærra en fyrir hrún,“ segir Ólafur.

Í skýrslu Intellecton kemur auk þess fram að hlutur útborgaðra launa af heildarlaunum hafi lækkað hjá öllum tekjuhópum en þó mest

hjá þeim tekjulægstu. Hlutfallslega hafi hlutur tekjuskatts hækkað umtalsvert en hlutfall launategndra gjalda hins vegar haldist óbreytt.

„Það þýðir að hlutfall launategndra gjalda af útborguðum launum hefur hækkað töluvert. Fyrir lægstu tíundina hækkaði þetta hlutfall úr 22,5 prósentum í 26,5 prósent, fyrir miðgildið hækkaði hlutfallið úr 26,3 prósentum í 29,9 prósent og fyrir efstu tíundina úr 28,8 prósentum í 32 prósent,“ segir í skýrslunni og er þá átt við tímabilið 2011 til 2018.

162 prósent raunaukning

Skýrsluhöfundar fjalla enn fremur um kostnað atvinnurekenda af því að greiða meðallaun og benda á að raunaukning launategndra gjalda nemi um 162 prósentum frá aldamótum. Sé miðað við fast verðlag hafi launagreiðandi þurft að reida af hendi rúmar 43 þúsund krónur í launategnd gjöld af meðallaunum árið 2000 en nú greiði atvinnurekandi hins vegar rúmar 113 þúsund krónur í launategnd gjöld af meðallaunum.

Við teljum að það verði ekki gengið lengra í því að leggja byrðar tengdar launagreiðslum á fyrirtæki.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Raunaukningin er því riflega 160 prósent, eins og áður sagði, en á þessum tíma hafa laun hækkað um tæp 60 prósent á föstu verðlagi, eftir því sem fram kemur í skýrslunni. Má því rekja aukninguna aðallega til aukinna opinberra álaga en þar munar mest um hækkan á mótfélagi launagreiðanda í lífeyrissjóð launþega.

kristinngi@frettabladid.is

Fyrirverandi sjóðsstjóri hjá GAMMA stofnar sjóðinn Algildi

Jóhann Gísli Jóhannesson, sem starfaði áður sem sjóðsstjóri hjá GAMMA Capital Management, hefur komið á fót fjárfestingarsjóðnum Algildi.

Í samtali við Markaðinn segir Jóhann Gísli að sjóðurinn, en starfsemi hans hófst fyrir fáeinum vikum, geti að hámarki orðið um 1.500 milljónir króna að stærð. Í síðasta mánuði nam hlutfélag sjóðsins, sem hefur hingað til komið frá fjárfestingum einkafjárfestum, nokkur hundruð milljónir króna.

Sjóðurinn mun fjárfesta í bæði skráðum hlutabréfum og skuldaþréfum á Íslandi.

Jóhann Gísli var sjóðsstjóri hlutabréfa- og fyrirtækjaskuldaþréfa-

1.500
milljónir getur sjóðurinn orðið að hámarki.



Jóhann Gísli Jóhannesson

sjóða hjá GAMMA 2015 til 2018 en þar áður vann hann hjá Íslandsbanka og sem sjóðsstjóri innlendra hlutabréfa hjá Íslandssjóðum. – hae

Eaton seldi fyrir 1,1 milljarð í Símanum

Tveir sjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management seldu samanlagt um 2,6 prósent hlut, jafnvirði tæplega 1,1 milljarðs króna, í Símanum í liðnum mánuði. Þetta má lesa út úr nýjum lista yfir stærstu hluthafa fjarskiptafélagsins.

Sjóðirnir tveir – Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio – hafa þannig selt alls 3,1 prósent hlut í Símanum á umliðnum tveimur mánuðum og fara nú með 5,9 prósent í félaginu.

Aðrir erlendir fjárfestingarsjóðir í hópi stærstu hluthafa Símans, að bresku eignastýringunni Miton undanskilinni, hafa jafnframt minnkað við sig í fjarskiptafélaginu



síðustu vikur og mánuði samhlíða því sem Stoðir, eitt stærsta fjárfestingarfélag landsins, hafa keypt riflega átta prósent hlut í félaginu.

Sjóðir á vegum annars vegar bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Wellington Management og hins vegar breska vogunar-sjóðsins Lansdowne Partners eru til að mynda ekki lengur á lista yfir stærstu hluthafa Símans þar sem

þeir hafa verið síðustu ár.

Erlendu fjárfestingarsjóðirnir í hluthafahópi Símans hófu að minnka við hlut sinn í fjarskiptafélaginu í apríl en eins og Markaðurinn hefur greint frá seldu þeir samanlagt um 2,4 prósent hlut, sem jafngildir um 980 milljónum króna miðað við núverandi hlutabréfaverð, í félaginu á fyrstu tveimur vikum aprilmánaðar.

Stoðir, sem eru í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einar Arnar Ólafssonar, Magnúsar Ármann, og TM, hófu að fjárfesta í Símanum í apríl og eru nú stærstu einkafjárfestarnir í hluthafahópi félagsins með 8,1 prósent hlut.

Gengi bréfa Símans hefur hækkað um 18 prósent frá áramótum. – kj

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

Álskóflur


frá 1.999



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör
9.999



4.895


Viðgerðarbretti



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W
22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör
14.999



6T Búkkar 605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla




Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrifur

frá 999

Hjólbörur 100kg



3.995



frá 395
Ruslatínur



frá 995
Skóflur

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, segir að eftir samrunann sé Sýn eina alhliða fjölmiðlafyrirtækið á þessum markaði. Ákveðið var að kaupa eignir 365 miðla til þess að aðgreina Sýn frá öðrum fjarskiptum.

Fjarskiptarísar veðja á afþreyingu

Fjarskiptafyrirtæki víða um heim hafa byggt afþreyingu ofan á innviði sína til að sporna við minnkandi vægi farsímaþjónustu. Yfirvöld í Bandaríkjunum og Evrópu nálgast markaðinn með ólíkum hætti. Forstjórar skráðu íslensku fjarskiptafyrirtækjanna segja að innlend framleiðsla verði í lykilhlutverki í þessari samkeppni.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fjarskiptafyrirtæki hafa reglulega þurft að umbylta rekstrinum til þess að bregðast við þeim öru breytingum sem tæknipróun hefur haft í för með sér. Tekjulindir sem áður báru reksturinn uppi hafa orðið úreltar og hefur það knúið fjarskiptafyrirtæki til að byggja þjónustu ofan á þá innviði sem þau búa yfir. Forstjóri Sýnar segir félagið hafa skapað sér sérstöðu með kaupum á starfsemi 365 miðla. Styrkleiki félagsins felist nú í getu þess til að framleiða innlent afþreyingarefni. Forstjóri Símans segir að auk innlestrar framleiðslu verði íþróttaviðburðir í lykilhlutverki í afþreyingarþjónustu fjarskiptafyrirtækja enda sé meiri víska um sýningarétti á beinum útsendingum en öðru sjónvarpsefni.

„Fjarskiptafyrirtæki í Evrópu standa fjárhagslega ekki vel sem er þvert á það sem margir halda. Tekjur hafa dregist saman um 20 prósent á síðustu 10 árum í takt við lækkan farsímagjalda og á sama tímabili hafa þau fjárfest fyrir 500 milljarða evra til að auka þjónustuframboð og tengingarhraða,“ segir Halldór Sigurðsson, meðeigandi og sérfræðingur í fjarskiptamálum hjá alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu McKinsey & Company, í samtali við Markaðinn.

„Fram undan er nýr fasi í útbreiðslu stafrænnar þjónustu sem er oft kenndur við internet hlutanna (e. internet of things). Þessi þróun mun hafa í för með sér breytingar, bæði í daglegu lífi okkar og rekstri fyrirtækja. Þannig eykst landsframleiðsla og hagvöxtur. Evrópsku fjarskiptafyrirtækin eru hins vegar illa í stakk búin til að takast á við nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum, 5G-netum og ljósleiðurum. Arðsemi fjárfestinganna (e. return on investment) svarar ekki arðsemiskröfu fjármagns.“

Samdráttur í tekjum af farsímanotkun hefur nýtt fjarskiptafyrirtæki til að laga reksturinn að breyttum aðstæðum. Halldór segir að fyrirtækin hafi öll gripið til þess ráðs að einfalda reksturinn og draga úr kostnaði.

„Ein leiðin er sú að hagræða, loka verslunum og gera þjónustuna stafræna. Sem dæmi hafði TDC í Danmörku 16 þúsund starfsmenn fyrir 10 árum en í dag eru þeir um 7 þúsund. Hin leiðin felur í sér að fjárfesta í því að auka vöruframboð eins og að byggja upp efnisveitur með áskriftarþjónustu eða bjóða upp á tengdar vörur, svo sem öryggiskerfi fyrir heimilið. Þetta eru mismunandi leiðir og það er óljóst hver sú rétta er,“ segir Halldór. Þá nefnir hann að fjarskiptamarkaðurinn í Evrópu annars

Það er verið að leita leiða til að styrkja fjarskiptaiðnaðinn í Evrópu svo að hann leiki stærra hlutverk á heimsmarkaðinum.

Halldór Sigurðsson, meðeigandi og sérfræðingur hjá McKinsey



vegar og Bandaríkjunum hins vegar hafi þróast með ólíkum hætti.

„Evrópusambandið og ríkisstjórnir aðildarlanda hafa haldið aftur af samrunum og ekki náð að samræma rekstrarumhverfi. Ef við skoðum til dæmis fjarskiptarísa á borð við Vodafone og Orange þá er reksturinn í einu landi tiltölulega óháður rekstri í öðru landi. Evrópumarkaðurinn samanstendur af mörgum minni fyrirtækjum en Bandaríkin hafa aftur á móti leyft samþjöppun sem hefur leitt til þess að nú eru fjórir rísar á markaðinum og þeir verða þrír ef samruni T-Mobile og Sprint gengur í gegn,“ segir Halldór.

Þessi ólíka þróun endurspeglar í þeirri staðreynd að á tímabilinu 2008 til 2017, þegar tekjur evrópskra fjarskiptafyrirtækja lækkuðu um 20 prósent, hækkuðu tekjur bandarískra fjarskiptafyrirtækja um 50 prósent. Nú er hins vegar útlit fyrir að breytt verði um stefnu í Evrópu.

„Ef við horfum 20 ár aftur í tímann þá voru 4-5 stór tæknifyrirtæki í fjarskiptum í Evrópu sem voru leiðandi í nýsköpun og á meðal verðmætustu fyrirtækja heims, til dæmis T-Mobile, Nokia og Ericsson. Nú er staðan þannig að Facebook, Google og Apple eru að taka langstærstan hluta af arðseminni sem byggist á fjarskiptum. Þessi þrjú fyrirtæki eru öll bandarísk. Þetta hefur valdið viðhorfsbreytingu hjá evrópskum yfirvöldum sem reyna að skapa vöxt og eru nú til dæmis opnari fyrir samrunum og samnýtingu á innviðum. Það er verið að leita leiða til þess að styrkja iðnaðinn í Evrópu svo að hann leiki stærra hlutverk á heimsmarkaðinum,“ segir Halldór.

Samruninn skapaði sérstöðu Sýn varð til eftir að Fjarskipti, eins og félagið hét þá, keyptu stærstan hluta fjölmiðlastarfsemi 365 miðla á árinu 2017. Hugmyndin sem lá að baki kaupunum var að nýta fjarskiptainnvíðina til þess að breikka vöruframboðið, að sögn Heiðars Guðjónssonar, forstjóra Sýnar.

„Við töldum að þarna væri tæki-



MIDVIKUDAGUR 5. JÚNÍ 2019

Heimili



Engin heilög Anna

Anna Margrét Jónsdóttir er fyrrverandi allt mögulegt; ein sigursælasta fegurðardrottning lýðveldisins, frækin flugfreyja og nú ferðamálafrömuður. Í sumar flytur hún úr einu draumahúsi í annað og segist staðna ef hún læri ekki meira. Þó sé hún með staðnaða hárgreiðslu. ➔2

Anna Margrét segist auðveldlega tengjast hlutum tilfinningaböndum. Hér er hún við ljósmynd í miklu upphaldi eftir Rögnu Þórisdóttur. MYND/ERNIR

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það er ekki til neitt sem heitir fermetrahamingja. Ég var alin upp í 90 fermetra blokkaribúð í Fellunum þar sem við vorum fimm í heimili en samt alltafnóg pláss fyrir frændfólk utan af landi þegar það kom til náms í Reykjavík. Mín fyrsta íbúð var líka lítil, alls 53 fermetrar á Njálsgötunni, og vegna smæðar hennar hugnaðist mér ekki að halda þar matarboð. Svo var mér boðið í 40 kvenna boð hjá flugfreyju sem átti pínulitla risíbúð og það var ein skemmtilegasta veisla sem ég hef sótt. Þá vissi ég að fermetrahamingja væri ekki til. Það er stemningin sem gildir," segir Anna Margrét Jónsdóttir sem þrátt fyrir allt nýtur þess að búa stórt.

Hún flytur senn í draumahúsi í Skerjafirði og kveður þar með eitt fegursta hús borgarinnar við Túngötu 34, sem húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, teiknaði á liðinni öld.

„Við höfum haft heppnina með okkur í gegnum tíðina, keypt á góðum tíma og selt á enn betri tíma. Ég hef heldur ekki enn skilið við gamla kærastann og það kostar. Við Árni erum samstíga og hann hefur lúmskt gaman af þessu líka. Hann þykist hafa skoðun á hinu og þessu og spyr nú: „Hvar eru mínir fermetrar í nýja húsinu?“ Ég veit ekki hvað hann meinar með því. Hann segist þurfa dóta- og verkfæraherbergi en ég ætla að leyfa honum að ráða yfir bílskúrnum," segir Anna Margrét og skellir upp úr, en hennar heittelskaði er Árni Harðarson, aðstoðarforstjóri Alvogen, og hafa þau verið kærustupar meira og minna frá því á unglingsárum.

„Árni er afar handlaginn og þegar við höfðum minna á milli handanna gerðum við allt sjálf, máluðum eldhúsinnréttunguna og brutum niður vegg. Nú höfum við efni á að fá betur kunnandi menn til verka, þótt það sé einstök tilfinning að hafa gert hlutina sjálf.“

Gerir húsið sitt Önnulegt

Anna Margrét er full tilhlökkunar að flytja og gera fallegt hús að sínu.

„Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á innanhússhönnun, málaði sjö fermetra herbergið mitt í Fellunum aftur og aftur sem ungl-ingur og saumaði þrívægis utan um gömlu Ikea-sófana mína. Mig dreymdi um að læra arkitektúr en þæjuferrillinn flæktist fyrir og svo flugfreyjustarfið, sem var bara gaman. Ég nýt þess í botn að fá að ráða heima og hlakka til að gera nýja húsið Önnulegt og fagurt," segir Anna sem hefur frá fyrstu húsnæðis kaupum keypt gömul hús og gert þau upp.

„Húsið í Skerjafirðinum er það nýjasta í minni heimilissögu, byggt árið 2002. Það er ægiflott og hlaut verðlaun Reykjavíkurborgar fyrir hönnun. Hefði ég verið spurð fyrir ári hvort ég ætlaði nokkurn tímann að flytja af Túngötunni hefði svarið verið nei. Ég hef alltaf dáðst að byggingum Guðjóns Samúelssonar og missti andann þegar ég sá Túngötuna á

sölu á sínum tíma, fegurðin er slík. Margir spyrja hvort ég sé á breyt-ingaskeiðinu, og sonur minn veltir fyrir sér hvurslags miðaldrakrisu ég sé í; hvort það verði sportbill næst, en það varð bara ekki við neitt ráðið þegar við saum Skerjafjarðarhúsið, það kom upp óvænt og við urðum yfir okkur hrifin," segir Anna Margrét um húsið sem stendur á sjávarlóð með óviðjafnanlegt útsýni yfir himin og haf.

„Ég get ekki beðið eftir að renna hurðinni út í garð og geta farið beint út í ljóta sloppnum og ótilhöfð. Í miðbænum er byggðin þéttari og ekki alveg eins privat; þar þarf ég helst að mála mig áður en ég fer með kaffið út í morgunsólina," segir Anna Margrét sem vill hvergi annars staðar búa en í póstnúmerinu 101.

„Ég elska gamla bæinn og vil geta farið ferða minna um bæinn gangandi. Ég nota barina enn og eins og Valgeir Guðjónsson söng: „Ég held ég gangi heim," er enn

Framhald á síðu 2 ➔

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga



Osushi
Tryggvagötu

stórt atriði hjá mér. Það breyttist ekki úr þessu," segir hún og hlær.

Þykir vænt um dauða hluti

Anna Margrét er húsleg húsfreyja á sínu heimili.

„Já, ég tek svona köst. Margir kannast við tilraunaeldhús Önnu og mér finnst gaman að elda ef ég hef tíma og fæ skemmtilegt fólk í mat. Ég er líka þrífín og bý alltaf um rúmin á morgnana en það þykir krökkunum mínum galið. Mér tókst ekki að ala þau upp við að búa um rúmin sín. Ég á hins vegar fallega hluti og vil að það sé gengið fallega um; það er ekkert gaman að eiga fallegt rúmteppi sem liggur í haug á gólfinu," segir Anna og er fljót með helgartiltektina á Tungötunni, sem er 300 fermetra hús á fjórum hæðum.

„Í fluginu lærði ég að allt er mælt í handtökum. Ég var líka alin upp við að nýta ferðina, taka með mér ruslið á leiðinni út og fara með öhreina tauði í þvottakörfuna. Ef maður gerir þetta jafnóðum er lítið mál að halda við stóru húsi," segir Anna sem af húsverkunum leiðist helst að þvo þvott.

„Mér finnst skemmtilegast að þurrka af. Þá handleikur maður hlutina sína og fer vel með þá, eins og kristalsskálina í stofuglugganum.“

Anna er að vísa í dýrmæta kristalsskál úr eigu fjölskyldunnar.

„Ég er mikill safnari enda búin að búa lengi. Í förum mínum er ýmislegt frá fjölskyldunni, eins og skírnarskál úr kristal sem við systkinin vorum skírð upp úr og ég lét skíra mín börn upp úr. Túngatan fannst mér vera hús sem þurfti að skreyta með kristal og á bernskuárum mínum áttu allir kristalsskálur sem voru teknar



Eftirlætis staður Önnu Margrétar í Tungötu er við bogadreginn stofuglugga Guðjóns Samúelssonar. MYND/ERNIR

fram á jólum undir frómasinn. Ég er minna í frómasinum en formæður mínar og set skálina því út í glugga," upplýsir Anna sem á líka forláta matar- og bollastell frá ömmu sinni.

„Mér þykir gaman að taka fram stellið hennar ömmu. Það er stundum sagt að maður eigi ekki að bindast dauðum hlutum tilfinningum en ég geri það nú samt

og þykir mjög vænt um hluti sem ég hef haft fyrir að eignast og ég hef fengið frá fólkum sem mér þykir vænt um. Það er hluti af fortíð minni, samferðafólki og minningum.“

Saknar þess ekki að fljúga

Eftir að Anna Margrét sagði skilið við störf sín sem flugfreyja og millistjórnandi hjá Icelandair hefur hún unnið við ferðamál.

„Alltaf þegar ég flýg er ég spurð: „Anna, saknarðu ekki vinnunnar?“ Svarið er nei. Ég sakna þess ekki að vakna á nóttunni og fljúga yfir hánóttina en ég sakna fullt af vinnufélögum því það er mikið af skemmtilegu fólkum sem tengist fluginu og í það ratar oft fólk með ævintýraþrá," segir Anna sem lærði til leiðsögumanns meðfram vinnu sinni hjá Icelandair.

„Í miðaldrakrísu númer eitt fór ég svo alfarið í ferðamálafræði í Háskólanum. Mig langaði að læra meira um landið og eitt leiðdi af öðru, en það er meira en að segja það fyrir konur á miðjum aldri að söðla um og fara út á vinnumarkaðinn. Ég hugsaði með mér að ef ég gerði það ekki núna yrði aldrei af því. Ég var alltaf á kaffivélinni korter í tíu og hugsaði með mér: Er þetta lífið fram undan? Því fór ég og náði mér í meiri menntun, var boðin vinna í framhaldinu og fór að vinna hjá lúxusferðaskrifstofu en ákvað svo að gera mitt sjálf og við erum tvö sem eigum saman ferðaskrifstofuna Ave Travel," útskýrir Anna.

„Þar sem ég er mjög góð í að eyða peningum sjálf hef ég verið heppin með að fá viðskiptavini sem vilja ekkert frekar en að eyða peningum. Nú er ég að skipuleggja ferð fyrir fjölskyldu sem vill fara í þyrfluferð yfir Reykjavík og fá svo privat leiðsögn um landið. Stundum fer ég sjálf sem leiðsögumaður en mig vantar meiraprófið. Það er á dagskránni. Ég þarf alltaf að læra meira. Annars finnst mér ég staðna. Ég er með alveg staðnaða hárgreiðslu; síða hárið og ljósu strípurarnar eru komnar til að vera, en mér þykir gott að hafa frelsi til að geta sótt námskeið sem ég vil og hef til dæmis lagt stund á ljósmyndun.“

Á dögnum lauk Anna Margrét við að standsetja tvær íbúðir í gamla gagnfræðaskólanum á

Siglufirði, sem var teiknaður af Guðjóni Samúelssyni.

„Við Diljá Þórhallsdóttir, vinkona mín, förum gagnert norður og tókum allt í gegn. Grunnurinn var ferskur en það þurfti að gera þetta heimilislegt og hvernig gerir maður það? Þar var skemmtileg áskorun og við studdumst við fyrirfram ákveðið fjármagn en þar kom sköpunarkrafturinn að góðum notum. Það þarf nefnilega ekki allt að kosta mikið til að vera flott. Maður kaupir kannski tvo til þrjá vandaða og dýrari hluti en svo kemur til dæmis H&M Home sterkt inn með ódýrari lausnir. Það kaupir enginn stíl með peningum og það er eins með heimilin. Maður getur ekki keypt sér stíl. Sé allt dýrt, fint og í stíl er hætt á að það verði líka gælt og flatt, en þetta tókst vel. Við Diljá erum með líkan smekk, báðar með nettan athyglisbrest og ofvirkar, og hver veit nema við útvíkkum þessa ferðahugmynd og færum okkur yfir í gistingu í fleiri bæjum á Íslandi?“ segir Anna Margrét sem er talsmaður þess að Íslendingar ferðist meira um landið sitt.

„Ævintýrin bíða okkar í bakgarðinum og það er svo mikið í boði um land allt sem ekki var fyrir áratug. Hvarvetna er spútnik lítið að gera flotta hluti og til dæmis á Siglufirði eru fimm flottir veitingastaðir og hægt að upplifa sig í lúxusferð í útlöndum og skella sér á skíði á veturna eða í golf á sumrin. Við vildum því skera okkur aðeins úr og útbúa lúxusdvöl á Sigló.“

Gaman að vera ég

Í frístundum stundar Anna Margrét göngur og fjallahjólreiðar.

„Mér finnst gaman að ganga en ég er engin heilög Anna. Það er allt gott í hófi og gaman að fara með rauðvínsbelju á bakinu inn Lónsöræfi, klára svo beljuna og reyna að kaupa sér meira rauðvín á hálandinu," segir Anna og kveðst einstaklega heppin í lífinu.

„Það er búið að vera svo gaman að vera ég. Ég er við góða heilsu, enn skotin í Árna, við erum finir vinir og eigum tvö frábær börn; hvað er hægt að biðja um meira?“ Þá hafi verið gaman að taka



Anna Margrét var valin Fegurðardrottning Íslands árið 1987.

þátt í fegurðarsamkeppnum.

„Þegar leið á þritugsaldurinn runnu stundum á mig tvær grímur með keppnirnar en svo sættist ég við að þetta var bara hluti af lífsreynslunni og hluti af mér. Maður verður að hafa húmor fyrir því að standa uppi á sviði í sundbol og háum hælum með límband á rassinum," segir Anna og hlær dátt.

Hún vann alla mögulega íslenska titla í fegurð á þeim tíma.

„Kannski var ég valin vegna þess að ég var með kjaftinn fyrir neðan nefið? Ég var alls ekki sættust af þessum stelpum en þegar ég var í viðtali við dönnendur var ég spurð hvers vegna ég væri í keppninni. Ég svaraði alltaf: „Nú, til að vinna, auðvitað! Mig langar í utanlandsferð og ævintýri.“ Fegurðarsamkeppnir voru frábær tækifæri til að láta draumana rætast og það eina sem ég þráði var að skoða heiminn.“

Anna Margrét segist þreytt á að vera þekkt sem fyrrverandi fegurðardrottning.

„Ég þráði að geta farið í Bónus án þess að fólk sneri sér við. Þegar ég starfadi sem millistjórnandi hjá Icelandair var alltaf tekið fram að nú kæmi fegurðardrottningin. Hvenær er komið gott? Af hverju er ég enn þekkt fyrir þetta 30 árum síðar? Jújú, ég vann margar keppnir en ég tapaði Ungfrú heimi, þar sem ég endaði í þriðja sæti. Ég var ekkert merkilegri en hinar stelpurnar svo það hlýtur að hafa verið kjafturinn og himinháu skórnir hennar mömmu.“

Lengri útgáfa af viðtalinu við Önnu Margréti er á frettabladid.is

VERTU ÖRUGG Í GÆÐAFATNAÐI FRÁ LAXDAL

Fylgdu okkur á FACEBOOK

Skoðið Laxdal.is

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgafandi: Ábyrgðarmaður: Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf | Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is, s. 550 5654



Kjól
16.990,-
st.36-48



Bolur
6.990,-
st.36-52



Bolur
6.990,-
st.36-52



Kjól
16.990,-
st.36-52



Kjól
14.990,-
st.36-52



Kjól
13.990,-
st.36-52



Peysa
10.990,-
st.36-52



Kjól
12.990,-
st.38-50



Kjól
16.990,-
st.36-52

Frábært úrval
af **sumarfatnaði**
í Brandtex!

- **NÝ** -
SENDING

B.

BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 |  Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE

B.
BRANDTEX

JENSEN

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki mótörhjól. Komdu og kattu við í sýningarsal Suzuki. Ýmslegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar til sölu

Toyota Aygo til sölu árg.2006, ek 152 þús. nýskoðaður, bíll í toppstandi. Vetrardekk fylgja. Verð 400 þús, skoða tilboð. Uppl. s: 780-1330.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Kerrur

Bátar

MARÁS

TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR



Léttir Fyrirferðalítir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Hjólbarðar



TECHKING VINNUVÉLADEKK
Vorur að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvélaðekkjum frá Techking Búkölluðekkhjólaskófludekk Of. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Upplýsingar í síma 868-2055

Pípulagnarþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar

Hreingerningarþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. Is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almennt þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Garðsláttur s:7600231 20% áfsláttur fyrir eldri borgara.

Sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bólstrun

Svampur.is

Þjódum upp sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbilinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Málara

Húsamálun

Alhliða málningarþjónusta

Vönduð vinnubrögð

Fáðu tilboð

Uppl. í s. 847 1628 &

litaverk@gmail.com

Litaverk ehf

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingarþjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir loftstökkerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Getum bætt við okkur verkefnum í öllu viðhaldi innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 9086116.

Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA®



Stiga TwinClip 50SQB

Lúxus sláttuvél með drifi B&S motor 625EXI,2,27kW Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga




HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnid Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíll með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sværrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABÍL.

TIL LEIGU EDA SÖLU 50 m2 bíll.

Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.

Lager eða geymsla.

Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% áfsláttur. www.geymslur.is

GEYMSLURTILLEIGU.IS

SÍMI: 414-3000

Gerðu verðsamanburð!

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIDI, MÚRARA, MÁLARA EDA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skómmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is



Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Suðurnesjalína 2

Landsnet hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Suðurnesjalínu 2.

Kynning á frummatsskýrslu: Tíllaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 5. júní til 18. júlí 2019 á eftirtöldum stöðum: Á Bókasafni Hafnarfjarðar, skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, í Þjóðarþókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 18. júlí 2019 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Kynningarfundir: Vakin er athygli á að Landsnet stendur fyrir opnu húsi til að kynna frummatsskýrslu þann 11. júní kl. 17 til 19 í Álfbergi, Sveitarfélaginu Vogum og 12. júní kl. 17 til 19 að Ásvöllum í Hafnarfirði. Kynningarfundirnir eru opnir öllum.

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109,5x30 cm. Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 205x131x35 cm. Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan. 1300 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir

www.Topplausnir.is - Sími: 5177718

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: www.topplausnir.is

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_



fyrirtækjum á markaði. NORDICPHOTOS/GETTY

færi til að aðgreina okkur frá öðrum símafyrirtækjum. Upplýsingatækni, fjarskipti og afþreying eru að renna saman og þá er mikilvægt að geta nýtt innviðina sem eru til staðar. Við eigum grunnnet til að dreifa efni og því ekki að framleiða efnið og selja það? Með því að byggja þjónustu ofan á innviðina náum við að dýpka sambandið við viðskiptavininn með breiðara vörufamboði," segir Heiðar.

„Nú höfum sérstöðu að því leyti að við erum eina alhliða fjölmiðlafyrirtækið á þessum markaði. Það felst ekki samkeppnisforskot í því að kaupa inn efni frá Time Warner eða HBO, fólk getur nálgast það með öðrum leiðum. Okkar styrkleiki hlýtur að felast í framleiðslu á innlendu afþreyingarefni og þar erum við að prófa ýmislegt nýtt. Kórfulboltakvöld er dæmi um vel heppnaða vöru sem er í raun frekar skemmtiþáttur en íþróttþáttur. Þetta getum við gert sem alhliða fjölmiðlafyrirtæki.“

Samruninn gekk ekki hnökraulaust. Stjórnendur höfðu vanmetið kostnaðinn við samþættingu á starfseminni og samlegðaráhrifin skiluðu sér ekki jafnskjótt og áætlað var. Heiðar er þó í engum vafa um að samruninn hafi verið rétt ákvörðun.

„Það var farsímahlutinn sem gaf eftir í kjölfar samrunans og það má að stórum hluta rekja til þess að við misstum viðskiptavinum yfir til keppinauta þegar áherslan var öll á að klára samrunann. Rekstur miðlanna gengur ágætlega og sýnir

Okkar styrkleiki hlýtur að felast í framleiðslu á innlendu afþreyingarefni og þar erum við að prófa ýmislegt nýtt.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar



að þetta voru skynsamleg kaup," segir Heiðar og nefnir að fjarskiptamarkaðurinn hafi tekið miklum breytingum á skömmum tíma. Verð lækki ár eftir ár og gæði þjónustunnar aukist samhliða. Til að mynda hafi verð farsímabjónustu lækkað um 78 prósent á síðustu fjórum árum samkvæmt gögnum Hagstofunnar.


„Gömlu burðarstólparnir í rekstrinum, eins og langlínusímtöl, símtöl til útlanda og sms, eru horfnir. Þetta er allt ókeypis í dag. Það sem gerir fjarskiptamarkaðinn áhugaverðan og spennandi er að fyrirtækin hafa reglulega þurft að umbylta rekstrinum til að finna nýjar tekjulindir.“

Þá stendur Sýna að uppbyggingu fimm þúsund fermetra gagnavers á Korputorgi í samstarfi við Opin kerfi, Reiknistofu bankanna og Korputorg. Hún felur í sér enn fleiri tækifæri til útvíkkunar á starfsemi Sýnar.

„Við erum að ráðast í þessa uppbyggingu vegna þess að gagna magnið margfaldast á hverju ári og við viljum geta haldið utan um

Visitale neysluverðs undirvísitölur frá 2008

■ Farsímabjónusta ■ Internettengingar



Það er sennilega langt í að sýningar á stærstu alþjóðlegu íþróttaviðburðunum verði seldar beint til neytenda.

Orri Hauksson, forstjóri Símans



hýsinguna. Nýja gagnaverið mun hýsa alla greiðslumiðlun landsins þannig að kröfur um öryggi og eftirlit eru miklar. Þar erum við vottað fyrirtæki og erum nú þegar með sólarhringsvöktun á kerfunum okkar sem eru mjög mikilvægir innviðir og ljósleiðaratengingar heim til fólks. Ég sé fyrir mér að hægt sé að byggja á þeim grunni, til dæmis með því að selja öryggiskerfi, enda eru allir innviðir og öll þekkingin sem þarf til staðar.“

Meiri víska um íþróttirnar

Í uppgjöri Símans fyrir fyrsta ársfjórðung mátti greina þær breytingar sem eru að eiga sér stað á fjarskiptamarkaði en vægi sjónvarpsþjónustu Símans af tekjum hefur farið sívaxandi. Tekjur af sjónvarpsþjónustu jukust um 14,1 prósent miðað við sama fjórðung á síðasta ári en á milli sömu tímabila lækkuðu tekjur af farsímabjónustu um 11,9 prósent. Það má þó að stórum hluta rekja til tapaðra heildsölusamninga við 365 miðla eftir að starfsemin sameinaðist Sýna.


„Það ríkir hörð samkeppni á þessum markaði sem endurspeglast í því að verð farsímabjónustu lækkar ár frá ári. Kostnaðurinn við að bæta einum viðskiptavini við farsímakerfið er smávægilegur og verðstríð hefur ríkt á þessum markaði. Tekjur af farsímanotkun hafa verið að fara niður en það sem hefur vegið á móti þessari þróun er afþreyingarhlutinn. Upphaflega voru tæknilegar ástæður fyrir því að sjónvarpsmálin tengdust fjarskiptum, enda auðgar gagnvirknin efnisnotkunina. Í seinni tíð eru fyrirtækin líka einfaldlega að finna nýjar tekjulindir," segir Orri Hauksson, forstjóri Símans.

Hann bætir við að Síminn hafi byrjað að dreifa sjónvarpi á síðustu öld, en 2003 hafi verið tekin ákvörðun um að IPTV-væða nær allt landið. Hann telur að innlend framleiðsla og íþróttaviðburðir verði í lykilhutverki í afþreyingarþjónustu fjarskiptafyrirtækja þar sem meðhöndlun sýningarréttta á hefðbundnu sjónvarpsefni, svo sem amerískum þáttaröðum, muni breytast.

„Við erum að upplifa gullöld sjónvarps, það hefur aldrei verið framleitt jafn mikið efni í heiminum og mörg stór kvikmyndaverver úti í heimi munu á næstu árum reyna að selja beint til neytenda. Þau munu hins vegar þróa söluaðferðir sínar smám saman en ekki með neinum asa, vegna þess að stærstu kunnarnir eru fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækin sem hafa hingað til keypt sýningarréttina. Verin munu reyna

Árlegar tekjur fjarskiptafyrirtækja

Breytingar á árunum 2008 og 2017



Heimild: European Commission Digital Economy and Society Index Report 2018

Deilt um aðgang að innviðum

Halldór segir að staða fjarskipta-innviða á Íslandi sé ólík því sem gerist í flestum öðrum löndum. Gagnaveita Reykjavíkur, sem er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, hefur lagt ljósleiðara á höfuðborgarsvæðinu og selur aðgang að ljósleiðaranetinu til þjónustufyrirtækja eins og Sýna, Nova, Hringiðan og Hringdu. Síminn og Gagnaveitan hafa hins vegar ekki náð saman um aðgang að netinu og því hefur Síminn ákveðið að leggja eigin ljósleiðara víða á höfuðborgarsvæðinu í gegnum dótturfélagið Mílu.

„Það er ekki hagkvæmt að leggja tvo ljósleiðara að hverju heimili, eins og gildir um vatnslagnir og rafmagnsleiðslur. Ein lausn til að skapa samkeppni á markaðinum væri að fá fyrirtæki til að keppa um búnaðinn sem er settur á endann á ljósleiðaranum. Það er lykilatriði fyrir iðnaðinn að stuðla að hagkvæmri nýtingu innviða en þetta aftur á móti pólitískt mál, enda hefur Orkuveitan varið miklum fjármunum í að leggja netið og vill fá arð af fjárfestingunni," segir Halldór. „Evrópa horfir fram á að það muni kosta 140 milljarða evra að ljósleiðaravæða 70 prósent heimila. Hins vegar er búið að leggja

nánast 100 prósent af ljósleiðara á höfuðborgarsvæðinu en lítið úti á landi. Það væri því betra að stýra fjárfestingum út á land.“

Síminn hefur lagt fram tillögur um að útvíkka lagafrumvarp um innleiðingu Evróputilskipunar um uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta – þannig að opinberum fyrirtækjum verði skylt að veita fjarskiptafélögum aðgang að svokölluðum svörtum ljósleiðara.

Tillaga Símans hefur sætt gagnrýni af hálfu eftirlitsstofnana og keppinauta félagsins og sem dæmi skrifaði Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, í grein í Fréttablaðið um miðjan maí. Þar skrifaði Heiðar að með tillögunni væri verið að framlengja lóðrétt samþætta markaðsráðandi stöðu Símasamstæðunnar inn í ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur, þvert gegn inntaki tilskipunarinnar.

„Ætla þingmenn í umhverfis- og samgöngunefnd að ganga erinda eins fyrirtækis, þvert á inntak tilskipunar ESB, baka ríkinu hugsanlega skaðabótaskyldu, fara á móti Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitinu og varanlega skaða neytendur á fjarskiptamarkaði?“ skrifaði hann.

að ná beinu sambandi við neytendur án þess að skemma viðskiptasamband sitt við stóru kunnana of hratt eða snemma," segir Orri.

„Það verður einhver grisjun á þessum sjónvarpsmarkaði vegna þess að það er verið að framleiða meira efni en eftirspurn verður eftir. Netflix, sem er langstærsta fyrirtækið á þessum markaði sem selur eingöngu beint til endakúnnans, er að tapa peningum á hverjum einasta degi. Það er bóla í framleiðslu á sjónvarpsefni og hún mun springa. Eitthvað þarf að gefa eftir.“

Síminn hafði betur gegn Sýna í útböðinu á sýningarrétti á enska boltanum til næstu þriggja ára og flyst hann til Símans næsta haust. Eins og Markaðurinn greindi frá í vetur nam tilboð Símans minnst 8,8 milljónum evra, eða sem nemur 1,2 milljörðum króna. Síminn hefur kynnt verðlagningu á áskriftinni en hún mun kosta 4.500 krónur.

„Það er sennilega langt í að sýningar á stærstu alþjóðlegu íþróttaviðburðunum verði seldar beint til neytenda vegna þess að framleiðendurnir vilja verðaðgreina markaði. Greiðsluviljinn fyrir enska boltann er mismunandi eftir löndum og í staðinn fyrir að vera með eitt verð fyrir alla í heiminum þá selja þeir sýningarréttinn til staðbundinna fyrirtækja á misháu verði. Það eru ekki alveg sömu lögmál sem gilda um þáttaraðir annars vegar og viðburði í beinni útsendingu hins vegar. Stóru samfélagsmiðlarnir hafa verið kaupa sýningarrétti á minni íþróttaviðburðum hér og þar, en þeir hafa ekki lagt í að bjóða

í þessa stóru og ég held að það sé nokkuð í að það breytist.“

Gengið furðulagt

Á síðustu tólf mánuðum hefur gengi Sýnar lækkað úr 66,9 krónum á hlut í 35,8 krónur. Það náði lágpunkti byrjun apríl í 30,1 en hefur síðan mjakast upp á við. Fyrir sameiningu Fjarskipta og 365 miðla var verðmatsgengi Capacent á Fjarskiptum 47 til 49 og var við markaðsgengi. Eftir kaup Fjarskipta á 365 miðlum hækkaði það í um 75 í ljósi væntinga um samlegð og vaxtartækifæri sameinaðs félags. Það lækkaði þegar ljóst var að áætlanir Sýnar stæðust ekki og er nú 51,4, eða um 44 prósentum yfir markaðsgengi.

„Félagið á eftir að slípa verkferlana og ná fram fullum samlegðaráhrifum. Það er hins vegar furðulegt hversu lágt gengið er í dag og virðist sem sameiningin hafi haft neikvæð áhrif á félagið. Jafnvel þó að 365 miðlar leggi ekkert til rekstrar Sýnar þarf mikla svartsýni til að fá verðmatsgengi sem er lægra en 40," segir Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent.

Gengi Símans stendur í 4,4 krónum og er komið á svipaðan stað og það var fyrir 12 mánuðum eftir að hafa sigið niður í 3,5. „Það er erfitt að bera þessi fyrirtæki saman vegna þess að þetta eru í raun ólík fyrirtæki en það ríkir augljóslega hörð samkeppni í farsímabjónustu. Tekjuvöxturinn kemur úr afþreyingu og mér sýnist framlegðin þar vera meiri," segir Snorri. Verðmat Capacent fyrir Símann hljóðar upp á 5 krónur á hlut sem er um 13,7 prósentum yfir markaðsgengi.

Ætlar að dusta rykið af golfkylfunum

Svipmynd

Ingunn Agnes Kro

Nám:

Stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, BA og MA í lögfræði frá Háskóla Íslands, héraðsdómslögmannsréttindi og verðbréfamíðlarapróf.

Störf:

Fráfarandi framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs Skeljungs og framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf. Áður yfirlögfræðingur og ritari stjórnar, ásamt því að vera regluvörður frá skráningu Skeljungs í Kauphöll. Þar áður lögfræðingur hjá Landslögum – lögfræðistofu og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands. Sit í stjórn Iceland Seafood International hf., Íslenskra fjárfesta hf. og Félags lögfræðinga í fyrirtækjum.

Fjölskylduhagir:

Gift Hjalta Þór Pálmasyri, framkvæmdastjóra framkvæmda hjá Mannverki ehf. Á þrjár dætur, Ylfu, 9 ára, Hrefnu, 7 ára, og Brynju, 4 ára.

Ingunn Agnes Kro er fráfarandi framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs hjá Skeljungi. Ingunn hefur starfað hjá Skeljungi frá árinu 2009, fyrst sem yfirlögfræðingur og síðar einnig sem ritari stjórnar og regluvörður. Síðastliðin tvö ár hefur Ingunn gegnt starfi framkvæmdastjóra skrifstofu- og samskiptasviðs Skeljungs, þar sem hún hefur borið ábyrgð á samskiptum við helstu haghafa fyrirtækisins; markaðsmálum, samfélagsábyrgðarmálum, mannauðsmálum og lögfræðimálum, auk þess að hafa verið framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Það kann að hljóma sorglegt en í langan tíma var vinnan mitt helsta áhugamál. Ég hef verið svo heppin að fá að vinna í gríðarlega áhugaverðum málum, krefjandi en skemmtilegum, með frábæru fólki og það sem mér finnst skemmtilegt að gera er að brjóta heilann og finna út úr hlutunum. Eftir að dæturnar fæddust áttaði ég mig hins vegar á því að vinnan var ekki sérlega fjölskylduvænt áhugamál. Þess vegna til dæmis fór ég að læra á skiði. Ég er reyndar betri að skiða aftur á bak, því að mitt hlutverk hefur verið að sinna yngsta barninu hverju sinni í barnabrekku. Nú er þannig fyrir mér komið að allar dæturnar eru orðnar betri en ég á skiðum. Ég hlakka því til að fara að skiða áfram næsta vetur.



Ingunn situr í stjórnnum Iceland Seafood International, Íslenskra fjárfesta og Félags lögfræðinga í fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fyrst ætla ég að dusta rykið af golfkylfunum mínum og hringja í þær sem hafa lofað mér golfhring í gegnum tíðina. Svo býst ég við því að mér verði farið að leiðast í haust og að ég fari að leita að nýju og spennandi starfsumhverfi.

Svo í vetur fór ég að skauta. Það er afar kómísk sjón en mjög skemmtilegt. Mér hefur alltaf þótt leiðinlegt í göngutúrum en ég sé fyrir mér að taka nokkra skautahringi í staðinn. Svo hefur mér alltaf þótt gaman að ferðast.

Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?

Ég var í æsku algjör bókaormur og var snemma farin að lesa fyrir hina krakkana á leikskólanum. Eins og gefur að skilja hefur síðasti áratugurinn helst farið í það að lesa barnabækur. Ég gæti reynt að hljóma gáfulega en staðreyndin er sú að því meira sem er að gera í vinnunni, því betur kann ég að meta heimskulega hluti í frítímanum. Síðasta bókin sem ég las var því *The girl with the lower back tattoo*, sem er sjálfssævisaga Amy Shumer.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfi olíufélaga?

Það dylst væntanlega engum að orkuskiptin verða mikil breyting fyrir þau fyrirtæki sem hafa hingað til byggt afkomu sína á sölu jarðefnaeldsneytis. En í orkuskiptunum felast líka tækifæri. Skeljungur

/ Orkan byggði í fyrra tvær vetnisstöðvar. Vetni er hreinn, innlendur og mjög orkuríkur orkugjafi. Vetni er sérstaklega heppilegt fyrir stærri bifreiðar og lengri akstur og svo þá sem ekki geta hlaðið heima hjá sér. Í ár opnuðum við svo fjörlorkustöð að Miklubraut. Þar er hægt að kaupa vetni, metan og rafmagn, auk jarðefnaeldsneytis. Fólk þarf eftir sem áður að komast á milli staða.

Hvað veldur því að þú lætur af störfum á þessum tímamarki?

Þegar ég hóf störf hjá fyrirtækinu fyrir nær tíu árum síðan hafði ég í hreinskilni sagt ekki séð fyrir mér að ég myndi staldra svona lengi við. En svo leiddu skemmtileg verkefni og samstarfsfólk til þess að tíminn leið hratt. Þeim áhersluatriðum sem mér voru falin með nýju samskiptasviði hefur nú verið komið á réttan kjöl; betri samskiptum við

starfsmenn, viðskiptavinum, hluthafum og fjölmiðla.

Uppbyggingu vetnisstöðvanna er lokið og samstarfinu við Votlendissjóðinn um kolefnisjöfnun Skeljungs / Orkunnar og möguleiknum á kolefnisjöfnun á einfaldan hátt fyrir viðskiptavinum hefur verið ýtt úr vör. Það var áskorun að skapa nýjan farveg endurnýjanlegra orkugjafa og samfélagsábyrgðar sem snerist um kolefnisjöfnun í fyrirtæki sem hefur selt jarðefnaeldsneyti í 90 ár. Þau verkefni eru nú í höfn og þá er tímabært að róa á ný mið.

Hvað tekur við?

Fyrst ætla ég að dusta rykið af golfkylfunum mínum og hringja í þær sem hafa lofað mér golfhring í gegnum tíðina. Svo býst ég við því að mér verði farið að leiðast í haust og að ég fari þá að leita að nýju og spennandi starfsumhverfi.

Gervigreind í vændum



Brynjólfur Borgar Jónsson
stofnandi
Data Lab Island

spurn með nýjum námsleiðum á þessu sviði. Fjölmiðlar flytja okkur svo fréttir af tækninýjungum þar sem gervigreind kemur við sögu og fræðingar og spekulantar skrifa hverja greinina af annarri þar sem þeir sjá fyrir sér nálæga framtíð þar sem þessi tækni er alltumlykjandi og velta afleiðingunum fyrir sér.

Þrátt fyrir að tæknin sé enn í þróun er heimurinn smám saman að átta sig á því að gervigreind er að öllum líkindum tímamótatækni (e. general purpose technology) eins og til dæmis gufuafli, rafmagn og tölvur. Áhrif slíkra tækninýjunga eru mikil, útbreidd og ná yfir langan tíma, á efnahag og samfélagið í heild sinni. Og þegar slík tækni á í hlut er annaðhvort að tileinka sér hana eða daga uppi sem hluti af fortíðinni.

Til að gera langa sögu stutta má

Áhrif slíkra tækninýjunga eru mikil, útbreidd og ná yfir langan tíma, á efnahag og samfélagið í heild sinni.

segja að þau fyrirtæki sem ná að beisla þessa nýju tækni og beita henni í starfsemi sinni nái árangri því þar verður ný tegund af þekkingu – vélræn þekking – sköpuð og hagnýtt í starfsemi á hraða tölvunnar. Þessi fyrirtæki eru þegar komin fram á sjónarsviðið og hafa

sýnt yfirburðasamkeppnishæfni á þeim mörkuðum þar sem þau hafa látið til sín taka. Líklega mun vélræn þekking knýja áfram fyrirtæki í fremstu röð næstu ár og áratugi. Þessi nýja tækni mun því gegna stóru hlutverki í rekstri fyrirtækja og ýmist leysa okkur menn af hólmi á jákvæðum sviðum eða bæta við nýrri getu eins og vélar hafa í gegnum tíðina gert.

Og nú er röðin komin að íslenskum fyrirtækjum og stofnunum að átta sig á þessari tækni og beita henni í starfsemi sinni. Sum eru þegar byrjuð í þeim tilgangi að bæta vörur og þjónustu, auka framleiðni og samkeppnishæfni. Upplýst og almenn samfélagsumræða um hagnýtingu gervigreindar er hins vegar rétt að byrja. Á leiðarljósið ávallt að vera verðmætasköpun og

samkeppnishæfni eða eiga önnur sjónarmið, til dæmis áhrif á samfélag og umhverfi, einnig að vera í forgrunni? Tæknin mun ryðja sér til rúms hvort sem umræðan fer fram eða ekki en líklega værum við öll betur sett ef umræðan færi fram.

Fyrirtæki sem vilja hefja þessa vegferð ættu að byrja á því að taka upplýst samtál innan veggja fyrirtækisins um gervigreind og hvernig hana megi hagnýta til að styðja við stefnuna, auka framleiðni og stuðla að jákvæðum áhrifum á samfélagið. Í framhaldinu vakna spurningar um tæknilega innviði, gögn, þekkingu, ferla, skipulag og síðast en ekki síst hvað er löglegt og siðlegt að gera. Þetta verður ekki bylting heldur langtíma verkefni sem íslensk fyrirtæki og samfélag munu takast á við á næstu árum.

Lífeyrissjóður verslunarmanna með 51 milljarðs hlut í Marel

Eignarhlutur Lífeyrissjóðs verslunarmanna í Marel, bæði beinn og óbeinn í gegnum Eyri Invest, er metinn á samanlagt riflega 51 milljarð króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í félaginu.

Virði eignarhlutarins hefur rokið upp á undanförunum mánuðum, enda hefur hlutabréfaverð í Marel hækkað um 57 prósent frá áramótum, en hluturinn var metinn á alls 30,6 milljarða króna í bókum lífeyrissjóðsins í lok síðasta árs.

Á þeim tíma nam eignarhlutur sjóðsins riflega fjórum prósentum af heildareignum hans en ljóst er að hlutfallið hefur hækkað umtalsvert síðan þá. Ekki liggur fyrir hverjar heildareignir lífeyrissjóðsins eru nú en miðað við eignastöðu hans í lok síðasta árs – um 714 milljarðar króna – gæti hluturinn í Marel numið um sjö prósentum af heildareignunum.

Þá var samanlagður eignarhlutur sjóðsins í félaginu tæplega 29 prósent af innlendri hlutabréfaeign hans í lok síðasta árs.


29%

var hlutfall eignarhlutar Lífeyrissjóðs verslunarmanna í Marel af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins í lok síðasta árs.

Lífeyrissjóður verslunarmanna er næststærsti hluthafinn í Marel með tæplega tíu prósent hlut en hluturinn var metinn á 25,1 milljarð króna í bókum lífeyrissjóðsins í lok ársins.

Sjóðurinn heldur jafnframt á 11,2 prósent hlut í Eyri Invest, stærsta einstaka hluthafa Marel, og var virði þess hlutar tæplega 5,5 milljarðar króna í bókum hans í árslok 2018.

Samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóðsins í Marel, beint og óbeint, var þannig metinn á 30,6 milljarða



Hlutabréf í Marel hafa hækkað um 55 prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

króna í lok síðasta árs. Til samanburðar voru heildareignir sjóðsins á sama tíma 714 milljarðar króna og innlend hlutabréfaeign hans alls 107 milljarðar króna.

Eignarhlutur Lífeyrissjóðs verslunarmanna í Marel er langsamlega stærsta innlenda hlutabréfaeign sjóðsins en í lok síðasta árs var 13,2 prósent hlutur hans í HB Grandi, 8,1 milljarður króna að virði, næststærsta innlenda hlutabréfaeign hans og 14,5 prósent hlutur í Reitum, upp á 7,5 milljarða króna, sú þriðja stærsta.

Á meðan innlendir verðbréfasjóðir og margir lífeyrissjóðir hafa minnkað við sig í Marel á undanförunum mánuðum, samhliða auknum umsvifum erlendra fjárfesta í hluthafahópi félagsins, hefur eignarhlutur Lífeyrissjóðs verslunarmanna haldist nær óbreyttur frá áramótum.

Marel er langsamlega stærsta félagið í Kauphöllinni og nemur markaðsvirði þess um 394 milljarðum króna. – kj



Kvika banki á um sjö prósent hlut í Incrementum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með eitt prósent í Kviku

Fjárfestingarfélagið Incrementum, sem var stofnað fyrir á árinu af þeim Ívari Guðjónssyni, Baldvín Valtýssyni og Smára Rúnari Þorvaldssyni, er komið í hóp stærstu hluthafa Kviku banka með tæplega 1,1 prósent hlut. Miðað við núverandi gengi hlutabréfa í fjárfestingarbankanum er hluturinn metinn á um 230 milljónir króna.

Samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa Kviku, dagsettum 30. maí, er fjárfestingarfélagið, sem er með vel á annan milljarð króna í hlutafé, tuttugasti stærsti hluthafi bankans með 1,08 prósent hlut.

Hlutabréf í bankanum, sem var skráður á aðalmarkað Kauphall-

arinnar í lok marsmánaðar, hafa hækkað um 35 prósent í verði það sem af er árinu.

Eins og greint var frá í Markaðinum í síðasta mánuði hóf Incrementum starfsemi í vor en félagið mun fjárfesta í skráðum félögum í Kauphöllinni. Hluthafahópurinn samanstendur af fjárfsterkum einkafjárfestum og Kviku banka en eignarhlutur bankans í félaginu nemur í kringum sjö prósent.

Stofnendurnir þrír eru meðal annars eigendur að ráðgjafarfyrirtækinu Akkrar Consult en þeir störfuðu allir saman hjá Landsbankanum á árunum fyrir fall fjármálakerfisins. – kj

TIL LEIGU

VERSLUNARHÚSNÆÐI

BANKASTRÆTI

Til leigu glæsilegt verslunarhúsnæði á besta stað við Bankastræti í miðborg Reykjavíkur

Húsnæðið sem er 811 fm. skiptist upp í opið verslunarrými með mikilli lofthæð og stórum sýningargluggum á jarðhæð. Á neðri hæð er viðbótar verslunarrými með góðu aðgengi ásamt lager og starfsmannaaðstöðu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 692 0900 eða netfanginu fifasteignir@fifasteignir.is

FÍ FASTEIGNAFÉLAG // Borgartún 25 // 105 Reykjavík // www.fifasteignir.is

Sterkt og gott samband

Ekkert mál hjá Vodafone

Það skiptir okkur máli að vera í góðu sambandi 24 tíma sólarhringsins. Ég þarf bara að biðja um það sem þarf og Vodafone sér um restina.

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

vodafone
fyrirtæki

Skotsilfur



Fórnarlömbin

Með brotthvarfi Þórólfs Árnasonar úr forstjórastól Samgöngu- stofu hafa tveir forstjórar sem voru í eldlinunni á meðan WOW air ríðaði til falls horfið á braut. Birni Óla Haukssyni, forstjóra Isavia, sem sætti harðri gagnrýni fyrir að hafa leyft flugfélaginu að safna upp milljarða skuldum á Keflavík-urflugvelli, var sagt upp störfum í apríl, skömmu eftir fall WOW air, og þá var Þórólfur ekki metinn hæfasti umsækjandinn um stöðu forstjóra Samgöngustofu en samgönguráðuneytið ákvað fyrr á árinu að auglýsa starfið laust til umsóknar. Þórólfur sætti ekki síður gagnrýni fyrir að hafa brugðist of seint við bágrri fjárhagsstöðu WOW air.



Ráðin miðlari hjá Arion

Aníta Rut Hilmarsdóttir, sem hefur starfað í eigna- stýringu fagfjárfesta hjá Arion banka síðustu þrjú ár, hefur verið ráðin sem miðlari hjá markaðsviðskiptum bankans. Mun hún hefja þar störf í næsta mánuði. Aníta er með BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfa- viðskiptum. Hún hefur starfað hjá Arion banka frá árinu 2014.



Nýr formaður stjórnar Nova

Hugh Short, forstjóri bandaríska fjárfestingarfélagins Pt Capital, sem fer með helmingshlut í Nova, hefur tekið við stjórnarformennsku í fjarskiptafélaginu í stað Sigþórs Sigmarssonar, framkvæmdastjóra Novator í Lúxemborg. Short tók fyrst sæti í stjórninni snemma árs 2017, eftir að Pt Capital keypti sig inn í Nova. Auk Shorts og Sigþórs sitja þær Sophie Minich, forstjóri CIRI í Alaska, og Birna Hlín Káradóttir, yfirlögfræðingur Fossa markaða, í stjórn Nova.



Mesti sölusamdráttur frá upphafi mælinga



Smásala dróst saman um 2,7 prósent í Bretlandi í síðasta mánuði og hefur ekki dregist eins mikið saman á einum mánuði frá því að BRC, hagsmunasamtök verslunarrekenda, hófu að taka saman sölutölur árið 1995. Samtökin benda á að eftir mikinn söluvöxt í maí í fyrra hafi pólitísk og efnahagsleg óvissa, meðal annars vegna fyrirhugaðrar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, einkennt síðasta mánuð. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýr veruleiki



Agnar Tómas Möller forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter

Síðla hausts 2018 er óhætt að segja að fjármálamarkaðir á Íslandi hafi verið skelkaðir. Áhyggjur af fækkun ferðamanna og slæmri stöðu flugfélagsins WOW ofan í það sem virtist vonlaus staða á vinnumarkaði, leiddi til snarps falls krónunnar samhliða miklum verðlækkunum á mörkuðum. Skilaboðin sem skuldabréfamarkaðurinn gaf voru þau að verðbólga næstu ára og áratugar myndi vera um 4,5% að meðaltali og að stýrivextir Seðlabankans myndu hækka frekar hratt, eða um 2,5 prósentur næstu misserin.

Áhyggjurnar komu ekki sem þruma úr heidskíru lofti því á endanum féll WOW og ferðamönnum fækkaði umtalsvert í kjölfarið. Hins vegar gleymdist að taka inn í myndina á þessum svörtu haustmánuðum að fjármagn myndi óhjákvæmilega leita í háa innlenda

vexti þegar saman fer jákvæður viðskiptajöfnuður, lágur skuldir og mikill sparnaður. Við það styður hið óskuldsetta gjaldeyrisfjall sem staðsett er í Seðlabanka Íslands. Á sama tíma og gjaldeyrisvaraförðinn hélt aftur af gengisstyrkingunni árin 2016-17, hefur hann nú, ásamt minnkandi innflutningi í kólnandi hagkerfi, komið í veg fyrir frekari veikingu krónunnar á meðan áföll hafa dunið yfir útflutningsgreinarnar. Fátt bendir til annars en að nokkuð stöðugt gengi krónunnar sé fram undan.

Nú, um sex mánuðum seinna, hefur átt sér stað ótrúlegur viðsnúningur. Í stað snarpt hækkanandi vaxta hafa þeir lækkað um hálf prósentustig og verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði hriðfallið. Raunvextir og einkum nafnvextir skuldabréfa, hafa lækkað skarpt, bæði til lengri og skemmri tíma. Frá vaxtalækkun Seðlabankans í maí hafa verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði til 2 ára lækkað um hálf prósent – stýrivextir þyrftu því nú að lækka um slíkt hið sama, einungis til að koma í veg fyrir aukningu á vaxtaaðhaldi bankans. Ólíklegt verður að teljast að það sé vilji Seðlabankans miðað við þann efnahagslaka sem nú blasir við.

Svipuð þróun hefur átt sér stað erlendis á þessu ári og hafa langtíma raun- og nafnvextir í flestum þróuðum ríkjum lækkað verulega. Margt bendir til að niðursveiflan í ferðaþjónustunni verði dýpri og lengri en Seðlabankinn spáði í nýjstu hagspá sinni og því spár um framleiðslulaka og atvinnuleysi of bjartsýnar. Verði verðbólga hófleg næstu misseri, eins og flest bendir til, má reikna með að vextir Seðlabankans geti lækkað umtalsvert. Nýtt og áður óþekkt vaxtastig gæti verið í uppsjölingu.

Hver verða áhrifin?

Lægra vaxtastig hefur áhrif á heimili, fyrirtæki, lífeyriskerfið, ríkissjóð og sveitarfélög. Skuldir flestra fyrirtækja eru tengdar við stýrivexti Seðlabankans (gegnum millibankavexti) eða við langtíma raunvexti á skuldabréfamarkaði. Lækkun vaxta á skuldabréfamarkaði hefur þó enn ekki skilað sér að ráði í föstum vöxtum íbúðalána en breytilegir húsnæðislánvextir hafa lækkað. Fjármagnseigendur sem eru vanir því að geta áhættulaust sótt raunvexti á bilinu 2% til 4% í innlánum, geta ekki vænst jákvæðra raunvaxta næstu árin og verða því að sækja í áhættusamari

fjárfestingar í leit að raunvöxtum.

Í ljósi mikillar lækkunar langtímaraunvaxta á Íslandi (nú um 1,0%) sem og erlendis (langtímaraunvextir stærstu mynsvæða eru á bilinu -2% til +0,3%) gæti íslenska lífeyrissjóðskerfið átt erfitt með að skila sjóðsfélögum þeim réttindum sem stefnt er að í dag. Einnig gæti mikill munur á bólfærðu verði og markaðsverði skuldabréfa í samtryggingardeildum hugsanlega ýtt undir réttindaávinnslu yngri sjóðsfélaga á kostnað þeirra eldri.

Áhrif á íslenska ríkið og einkum sveitarfélögin gætu orðið mikil því vaxtakjör þeirra hafa lækkað hlutfallslega mest og þau hafa greiddastan aðgang að langtímafjármagni. Vaxtakostnaður opinberra aðila er í dag um þriðjungur af því sem hann var fyrir hálfum áratug.

Ljóst er að núverandi niðursveifla verður ólík þeim fyrri sem oftast hafa endað með gengisfalli, verðbólgu og vaxtahækkunum. Nú ríkir gengisstöðugleiki, verðbólguhorfur eru góðar og að öðru óbreyttu umtalsvert svigrúm til vaxtalækkana. Lágir vextir auka ráðstöfunartekjur heimila, styðja við fjárfestingar fyrirtækja og hins opinbera og ættu því að geta mildað höggið sem fram undan er.

Stjórnmalamenn stokki spilin

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson



Mikilvægt er fyrir stjórnmalamenn að nýta upphaf samdráttarskeiðs í efnahagslífinu til að stokka spilin. Það þarf að kortleggja hvað sé nauðsynlegt í rekstri hins opinbera, hvað megi betur fara, hvað megi missa sín og hvernig létta megi undir með landsmönnum sem standa straum af útgjöldunum með einum

eða öðrum hætti. Ef rétt er haldið á spöðunum getur hið opinbera staðið sterkara eftir tiltekt og með skýra sýn á hlutverk sitt. Mistakist það verður róðurinn þyngri. Af þeim sökum ber að fagna því að fjármálaráðherra sagði að velt yrði við hverjum steini í ríkisrekstrinum við gerð endurskoðaðrar fjármálaáætlunar.

Skattbyrði hérlendis hefur farið vaxandi og er með því mesta sem þekkt innan OECD-ríkjana. Það er nauðsynlegt að stíga stór skref til að draga úr álögunum. Það væri vítamínsprautu fyrir hagkerfið, eykur ráðstöfunartekjur heimila og

eflir samkeppnishæfni fyrirtækja.

Þess vegna eru það vonbrigði að ríkisstjórnin hafi ákveðið að fresta lækkun bankaskatts um eitt ár. Sá skattur er greiddur af landsmönnum og stuðlar að herra vaxtastigi sem er hátt í alþjóðlegum samanburði.

Sveitarstjórnarmenn hefðu einnig átt að lækka fasteignaskatta þegar fasteignaverð fór stigvaxandi. Þær skattahækkningar eru ósamngjarnar og í engu sambandi við tekjur skattgreiðenda.

Stjórnmalamenn þurfa jafnframt að hafa kjark til að nýta einkarekstur í heilbrigðis- og menntakerfinu í

ríkari mæli til að bæta þjónustuna og auka hagkvæmni. Útgjöld til heilbrigðismála munu aukast verulega á næstu 25 árum samhliða því að þjóðin verður ældri. Ísland er því miður eftirbátur hinna Norðurlandanna við að nýta einkarekstur á þessum sviðum.

Sömuleiðis væri það búbot fyrir heimilin ef stjórnmalamenn myndu sammælast um að afnema verndartolla í landbúnaði.

Enn fremur þarf að selja ríkisbankana og Flugstöð Leifs Eiríkssonar enda er það sveiflukenndur áhætturekstur sem fer betur í höndum einkaframtaksins. Það er

skynsamlegra að nýta fé ríkisins sem er bundið í atvinnurekstri til annarra verkefna. Auk þess ætti að loka peningahitinni RÚV. Nóg er af fréttamiðlum og ef vilji stendur til að styrkja innlenda dagskrárgerð má birta efnið hjá öðrum fjölmjóðum.

Með þessum aðgerðum myndu stjórnmalamenn leggja á sveif með landsmönnum. Við myndum greiða lægri skatta og minna í vexti, stæði til boða ódýrari matur og öflugra mennta- og heilbrigðiskerfi. Það skiptir enn meira máli nú þegar hægðarleikur er að flytja á milla landa.



Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

HEILD fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu. Hafðu samband ef þig vantar framtíðarstað fyrir fyrirtækið þitt.

Stjórnar- maðurinn



Fljúgandi samkeppni

Skúli Mogensen, forstjóri hins fallna WOW air, hélt fyrirlestur á dögnum um þann lærdóm sem hann hefur dregið af risi og falli flugfélagsins. Fyrir það fyrsta þá ber að fagna því að Skúli komi fram opinberlega en fari ekki huldu höfði líkt og því miður hefur verið raunin um marga sem mistekist hefur í viðskiptum á Íslandi. Raunar er kannski full djúpt í árinna tekið að segja Skúla hafa mistekist. Hann og samstarfsfólk hans náði í raun ótrúlegum árangri. Á örfáum árum tókst þeim að byggja upp sterkt vörumerki og flugfélag sem vakti athygli langt út fyrir landsteinana. Þegar best lét snemma árs 2018 var WOW air með stærri markaðshlutdeild en Icelandair. Ótrúlegt fyrir ekki eldra fyrirtæki.

Margt athyglisvert kom annars fram í máli Skúla, og meðal annars hið augljósa að hann teldi reynslu sína af WOW ígildi nokkurra doktorsgráða. Synd væri ef sú þekking Skúla og félaga færi í vaskinn. Mögulega voru ummæli Skúla um Icelandair þó það mest krassandi, en hann sagði að ef lykilmenn WOW létu reynslu sína fara til spillis gæti niðurstaðan orðið tuttugu ára einokun á íslenskum flugmarkaði.

Auðvitað væri slík niðurstaða sú allra versta fyrir íslenska neytendur, sem nú þegar finna fyrir falli WOW á pyngjunni. Mikið er til í orðum Skúla um að Icelandair glími við fortíðarvanda vegna 70 ára einokunarstöðu. Kostnaðarstrúktúrinn er einfaldlega of hár og nánast ómögulegt að vinda ofan af því. Það skilar sér auðvitað í fargjöldin. Farþegar greiða fyrir ofeldið í starfsemi Icelandair. Hins vegar er svo önnur spurning hvort WOW hafi farið of langt í hina áttina. Voru fargjöldin hreinlega of lág og vonlaust að standa undir þeim?

Hvað sem þeim bollaleggjum líður þá er ljóst að það er fagnadarefni að Skúli hljóti áheyrn. Bæði hann og við öll getum lært af risi og falli WOW. Eitt er að minnsta kosti víst að neytendur græða á samkeppni. Í flugi sem á öðrum vígstöðvum. Vonandi er þess ekki langt að biða að slík samkeppni vakni að nýju. Hvort sem það verður á vegum Skúla eða annarra.

Lögðu ÍSAM til 800 milljónir

Hluthafar lögðu ÍSAM til 800 milljónir króna í fyrra samhlíða 662 milljóna króna tapi fyrir tekjuskatt. Tapið jókst um 310 milljónir króna á milli ára. Annars vegar var um að ræða 500 milljóna króna hlutafjárukningu og hins vegar 300 milljóna króna vikiandi lán frá systurfélagi. Slík lán eru ígildi eiginfjár. ÍSAM, sem á meðal annars Mylluna og er með umboð á borð við Ariel, Gillette, Duracell og Pampers, er í eigu Guðbjargar M. Matthíasdóttur og fjölskyldu. Hermann



Hermann Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSAM.

Stefánsson var ráðinn forstjóri ÍSAM í október. Fjölskyldan keypti ÍSAM árið 2014 í gegnum eignarhaldsfélagið Kristin. Þau eru aðaleigendur Ísfelags Vestmannaeyja, eiga meirihluta í Odda og hlut í útgáfufélagi Morgunblaðsins.

Tekjur ÍSAM jukust um 5 prósent á milli ára og námu 12,6 milljörðum króna árið 2018. Eigið fé félagsins var 1,9 milljarðar króna og var eiginfjárlutfallið 23 prósent samanborið við 22 prósent árið áður. – hvj

03.06.2019

Vandinn er að kostnaður Icelandair er alltof hár sem má rekja til þess að flugfélagið hefur verið í einokunarstöðu í 70 ár.

Skúli Mogensen, fyrrverandi eigandi og forstjóri WOW air



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðisþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar

Útboð



GRINDAVÍKURBÆR

Útboð

Grindavíkurbær óskar eftir tilboðum í yfirlögn malbiks og endurbætur gatnanna Bakkalág, Garðbraut/Verbraut og Víkurbraut. Helstu magntölur eru yfirlögn **9300 m²**.

Framkvæmdum skal vera lokið fyrir 1.10. 2019.

Útboðgögn eru afhent rafrænt og er bjóðendum bent á að hafa samband við Sigurð Ólafsson sigurdur@grindavik.is hjá Grindavíkurbæ og verða gögnin send þeim er þess óska. Gögnin eru til afhendingar frá og með föstudeginum 7.6. 2019.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, í lokuðu umslagi merktu viðkomandi verki fyrir kl: 11:00 föstudaginn 21.6. 2019, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra er þess óska.

Sigurður Ólafsson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Fasteignir

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

LOGAFOLD 66, 112 RVK

VERÐ: 84.9M

Einbýli á einni hæð á besta stað í Grafarvogi, neðst í Logafold. Húsið er múrsteinsklætt timburhús með rúmgóðri stofu með mikilli lofthæð og vönduðum innréttingum. Bílskúr er rúmgóður og vel frágenginn með flisum á gólfi. Húsið er samtals 197 fermetrar og þar af bílskúr 36,7 fm.

Getur verið laust með stuttum fyrirvara.

Ólafur H. Guðgeirsson, MBA, lgfs., veitir allar upplýsingar í síma 663-2508 eða olafur@stakfell.is



Tilkynningar



Sveitarfélagið Vogar

Sveitarfélagið Vogar auglýsir hér með til kynningar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Hvassahrauni, skv. 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunum felst m.a. að skilgreind er heimild til gististarfsemi og lóðum fjölgað um eina, gerðar breytingar á byggingarreitum tveggja lóða, hámarksstærð og hámarkshæð húsa aukin.

Tillögurnar eru til kynningar frá og með 5. júní 2019 til og með 14. júní 2019 og eru aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, þar sem má kynna sér þær á slóðinni: <https://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu>.

Tillögurnar verða til sýnis og umræðu hjá skipulags- og byggingarfulltrúa **Þriðjudaginn 11. júní nk. á milli kl. 15:30-16:30** á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga að löndal 2. Ábendingum vegna tillagnanna má senda skriflega til Sveitarfélagsins Voga með bréfi eða tölvupósti á netfangið skrifstofa@vogar.is, fyrir **14. júní 2019**.

Að lokinni kynningunni verða tillögurnar teknar til umfjöllunar hjá skipulagsnefnd og að henni lokinni lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykktar fyrir formlega auglýsingu þeirra. Gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins athugasemdafrests.

Vogum, 5. júní 2019
Skipulags- og byggingarfulltrúi

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Húsbílar á stórlækkuðu verði!

TILBOÐ



Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll
árg 2010 ekinn 150 þ km 6 gíra á tvöföldu að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. Bíllinn er með nýja miðstöð og nýjan ísskáp **verð 3.990.000**
Tilboð 2.890.000
Aðeins einn eftir.

TILBOÐ



Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2011 ekinn 145 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 4.390.000**
Tilboð 2.990.000
Aðeins einn eftir.



Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel árg 2017 ekinn 68þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
Verð 8.900.000.
Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.

TILBOÐ



Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2015 ekinn ca 120 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 5.990.000.**
Tilboð 4.490.000

TILBOÐ



Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll
árg 2015 ekinn ca 147 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 6.990.000.**
Tilboð 5.490.000



Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll
árg 2011, ekinn ca 146 þ km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
Tilboð 3.490.000.

TILBOÐ



Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll
árg 2012, ekinn ca 144 þ km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 5.590.000.-**
Tilboð 3.990.000.

TILBOÐ



Fiat Hobby Optima 65HFL
árg 2017 ekinn um 70þ km 6 gíra beinskíptur glæsilegur bíll í alla staði. 4 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 11.990.000**
Tilboð 9.990.000



Fiat Carado A464 eða A461 árg 2016 eknir um 80þ km 6 gíra beinskíptur. 6 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 8.990.000**
Tilboð 7.990.000

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

Möguleiki á allt að 100% láni.

Vinsamlegast hringið í síma 7767600 til að bóka skoðun.



Við erum á facebook, þar má sjá fleiri myndir
<https://www.facebook.com/tcithjonusta/>

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10 7 °C °C	1 7 °C °C	4 6 °C °C
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
5 7 °C °C	12 5 °C °C	2 9 °C °C

Norðlæg átt 8-15 m/s. Rigning eða slydda um norðaustanvert landið, bjart veður á Suður- og Suðvesturlandi, en annars skýjað og úrkomulítið. Hiti 2 til 14 stig að deginum, hlýjast sunnan til á landinu.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 6 °C °C	5 4 °C °C	5 5 °C °C
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
7 6 °C °C	12 3 °C °C	4 8 °C °C

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 3 °C °C	6 2 °C °C	4 1 °C °C
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
2 5 °C °C	12 2 °C °C	8 8 °C °C

LÉTT

	1	4		2			
	2			4		9	5
3	5				6		
			1		9	6	
8	4	9		2			8
7			5	2			
		5	7	4		2	
					4	1	
	9	6	1	7			

MIDLUNGS

		7	3		8	4	6	9
2		3				5		1
			6			2		
6	4						3	
						7		2
			4					
3	8	5	4					
5		7		3			9	
7			9	2				4

PUNG

1	7						2	4
4						2		
	5	9	3					
9				3	7			8
	1	4		2	9		3	
8			9	6				5
			1			3		
		5		8				1

Krossgáta

LÁRÉTT

- bóta
- angra
- í röð
- yfirráða
- próftitill
- ódagot
- lúður
- stig
- hindrun
- flugfar

LÓÐRÉTT

- læðast
- formóðir
- tvennd
- ágóði
- ritun
- ráðgera
- heilnæm
- fikt
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. lappa, 5. ama, 6. fs, 8. umráða, 10. ma, 11. fúm, 12. horn, 13. skop, 15. tálunn, 17. flaug. LÓÐRÉTT: 1. lúmast, 2. ama, 3. par, 4. arður, 7. samning, 9. forma, 12. holl, 14. kál, 16. un.

Skák Gunnar Björnsson

Mark Pinto (2082) átti leik gegn Atla Jóhanni Leóssyni (1790) á opna Íslandsmótinu fyrir skemmstu.

51. Hxd6! 1-0. Í gær hófst Norway Chess-mótið í Stafangri í Noregi. Tíu af allra sterkustu skákmönnum heims taka þátt. Teflt er eftir óvenjulegu fyrirkomulagi. Sigrí menn kappskákina fá menn 2 stig. Verði jafnt verður háður bráðabani og sigurvegarinn fær 1½ stig en sá sem tapar ½ stig. www.skak.is: Allt um Norway Chess.



Hvítur á leik

1	3	7	6	9	2	8	4	5
6	8	4	7	1	5	9	2	3
9	5	2	3	4	8	6	7	1
5	2	8	4	6	3	1	9	7
7	4	6	9	5	1	2	3	8
3	9	1	8	2	7	5	6	4
2	6	5	1	3	4	7	8	9
4	7	9	5	8	6	3	1	2
8	1	3	2	7	9	4	5	6

3	4	6	2	1	8	7	5	9
5	7	8	3	9	4	1	2	6
9	1	2	5	6	7	8	3	4
8	6	4	9	7	3	2	1	5
7	5	9	8	2	1	4	6	3
1	2	3	4	5	6	9	7	8
2	8	1	6	4	5	3	9	7
6	3	7	1	8	9	5	4	2
4	9	5	7	3	2	6	8	1

4	9	3	5	1	7	8	2	6
7	1	5	2	8	6	4	3	9
8	2	6	9	3	4	7	1	5
3	4	1	6	2	5	9	7	8
9	5	7	1	4	8	2	6	3
2	6	8	7	9	3	1	5	4
1	3	4	8	6	2	5	9	7
5	8	9	3	7	1	6	4	2
6	7	2	4	5	9	3	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman


Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Fréttablaðið.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



ÞÚ GETUR LESIÐ BLAÐ DAGSINS Á FRETABLADID.IS OG Í FRÉTTABLAÐS APPINU
HVAR SEM ÞÚ ERT Í SUMAR!



FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu
á Facebook og Instagram

Blómahaf Kjarvals

Eggert Pétursson myndlistarmaður er sýningarstjóri sýningar á verkum Jóhannesar Kjarvals. Sjónum er beint að blómum í verkum listamannsins.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Get ekki teiknað bláklukku, er yfirskrift sýningar á verkum Jóhannesar Kjarvals sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Sýningarstjóri er Eggert Pétursson.

Spurður um heiti sýningarinnar segir Eggert: „Orðin koma frá Kjarval sjálfum. Hann skrifaði þau á teikningu sem hann hafði gert af bláklukku, en þar sést greinilega að hann gat vissulega teiknað þær.“

Sýningin á Kjarvalsstöðum fjallar um blómabáttinn í verkum listamannsins. Auk málverka og teikninga eru þar sýningarkassar með alls kyns skissum og teikningum sem tengjast blómum.

Ástsæll þjóðarmálari

„Kjarval hafði yndi af blómum og byrjaði snemma að mála þau,“ segir Eggert. Á árunum 1920-1930 gerði hann mikið af því að mála bláberjalyng og bláber og hélt því áfram þótt myndefnið breyttist í meðförum hans. Þetta eru frekar náttúralískar myndir og mér finnst skemmtilegt að þær minna nokkuð á mínar eigin. Hann datt líka oft ofan í blómaflúr þegar hann var að krotta.

Árið 1935 varð Kjarval fimmtugur og þá var haldin stór sýning á verkum hans í Menntaskólanum í Reykjavík og hann varð um leið ástsæll þjóðarmálari. Af þessu til efni fékk hann mikið af blómum og í kjölfarið fór hann að mála blóm-vendi og skrautblóm og einnig þurrkuð blóm. Sömu leiðis er mikið til af blekteikningum af blómum í vasa og skrautblómum.“

Eins konar draumalandslag

Eggert flokkar verkin eftir þremur efnisþáttum sem hver um sig fær sinn sal. „Þegar gengið er inn í salinn er komið inn í þann hluta sýningarinnar sem ég vil kalla blómalandslag. Þar eru elstu blá-

ÞAÐ ER DÁLÍTIÐ EINS OG KJARVAL HAFI VERIÐ AÐ BERJAST VIÐ DRUNGANN Í SJÁL FUM SÉR ÞEGAR HANN MÁLAÐI ÞESSAR MYNDIR SEM ERU ÁKAFLEGA FALLEGAR.

berjalyngsverkin og einnig síðustu verkin þar sem hann málaði eins konar draumalandslag. Þar er jörðin alskreytt blómum og er í draumkennndri þöku. Það er vetrardrungi yfir þessum myndum, þær eru dálítið gráleitar, en nöfnin á þeim vísa í vorið og komandi sumar. „Það er dálítið eins og Kjarval hafi verið að berjast við drungann í sjálfum sér þegar hann málaði þessar myndir sem eru ákaflega fallegar.“

Í öðrum sal eru verk sem kalla mætti hátíðarblóm en þar er að finna myndir af skrautblómum, blómvöndum og blómakörfum. Í þriðja salnum eru verk sem eru blómfantasíur. Á seinni hluta ferilsins fór Kjarval að mála andlit, verur og landslag sem blandast saman á myndum. Þetta gerðist líka í skrautblómamyndunum, þar fóru að detta inn andlit og blóm voru sett í landslagið. Blómaandlit, verur og vangaþvípur fléttast saman og verða eins og skraut.“

Verk úr einkasöfnum

Eggert segir að það hafi kostað heilmikla vinnu að velja myndir á sýninguna. „Ég fór í gegnum skráningu á verkum Kjarvals hjá listasafninu og merkti við allt það sem viðkemur blómum. Þannig kom ég auga á meginlínurnar í blóma-verkum hans. Síðan var heilmikið verk að velja verkin og finna þau. Ég fékk hjálp við það en margar af þeim myndum sem eru á sýningunni koma úr einkasöfnum. Þetta eru myndir sem hafa ekki verið mikið sýndar eða jafnvel ekki verið sýndar.“



„Síðan var heilmikið verk að velja verkin og finna þau,“ segir Eggert. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Enginn verður svikinn af því að skoða undurfallegar blómamyndir Kjarvals.

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Miðvikudagur**

hvar@frettabladid.is

5. JÚNÍ 2019

Orðsins list

Hvað? Þróun reiðhjólmenningar

Hvenær? 12.15

Hvar? Bókasafn Kópavogs, Kópavogshálsi

Sesselja Traustadóttir frá Hjólafærni fjallar um þróun reiðhjólmenningar á Íslandi og talar um öryggi hjólandi, hjólafærni, sam-



Nemendur Tónlistarskóla Kópavogs og tónlistarháskólans Santa Cecilia.

vinnu í umferð, hjólaleiðir, aðbúnað fyrir hjól og ánægjuna sem fylgir fjölbreyttum samgöngum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Hvað? Spjallfundur ADHD samtakanna

Hvenær? 20.30

Hvar? Háaleitisbraut 13, IV. hæð
Samtökin bjóða upp á opinn spjallfund, um ADHD og sumarfrí. Hann er ætlaður fólki með ADHD og foreldrum, forráðamönnum og nánum aðstandendum barna og ungmenna með ADHD.

Tónlist

Hvað? Tengsl tveggja tónlistarheima

Hvenær? 19.00

Hvar? Salurinn, Kópavogi
Flutt verður fjölbreytt itölsk tónlist, afrakstur Erasmus+ samstarfsverkefnis Tónlistarskóla

Kópavogs og tónlistarháskólans Santa Cecilia í Róm. Hópurinn hélt tvenna tónleika í Róm í lok maí. Aðgangur er ókeypis.

Hvað? Hátíðarhljómar á Kirkjulista-hátíð

Hvenær? 20.00

Hvar? Hallgrímskirkja
Trompetleikararnir Jóhann Nardeau og Baldvin Oddsson ásamt David Cassan, organista frá Frakklandi, flytja tónlist eftir Charpentier, Vivaldi, Händel og fleiri.

Hvað? Gisnar tímaráðir

Hvenær? 20.00

Hvar? Hannesarholt
Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópransöngkona og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari flytja þýskar og íslenskar einsöngsperlur allt frá 18. öld til okkar daga, sumar þeirra eru mjög sjaldheyrðar. Trausti Jónsson, veðurfræðingur og áhugamaður um tónlistarsögu, mun kynna lögin í stuttu máli.

MÍÐASALA HEFST Á MORGUN
FIMTUDAGINN 6. JÚNÍ KL. 12

Bubbi
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKARÖÐ 2019
Northens

11. OG 12. DES BÆJARBÍÓ

19. DES BÍOHÖLLIN AKRANESI

21. DES HOF AKUREYRI

23. DES HARPA REYKJAVÍK



HARPA



SYNT I HOFI

midí.is

BYLGJAN

989

prime

UMBODSSKRIFSTOFA

Miðvikudagur

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Fréttablaðið.is
stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ

RÚV SJÓNVARP

13.00 Kastljós
13.15 Menningin
13.25 Útsvar 2014-2015 Hafnarfjörður - Fljótisdalshérað
14.25 Mósaik 1998-1999
15.10 Með okkar augum Fimmta þáttaröð þessara einlægu og skemmtilegu þátta þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elin Sveinsdóttir. e.
15.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989
17.00 Tiundi áratugurinn Heimildarþættir um tíunda áratuginn í Bandaríkjunum. Fjallað er um atburði og einstaklinga sem settu mark á áratuginn, eins og forseta-tíð Georges H. W. Bush og Bills Clinton, hryðjuverk, tækniframfarir og tónlistarstefnur. e.
17.45 Táknafréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Nýi skólinn keisarans
18.17 Sigildar teiknimyndir
18.24 Dóta læknir
18.50 Landakort Origami Origami er japönsk list við pappírsmót sem hefur öðlast miklar vinsældir. Markmið origami er að móta skúlpúr úr flötum pappír með því að brjóta hann saman án þess að klippa eða líma.
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og liflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífnum, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.00 Með sálina að veði Priggja þátta röð þar sem sænski söngvarinn Peter Dinklage fer á slóðir átrúnaðargoða sinna, þeirra Franks Sinatra, Edith Piaf og Charles Aznavours í New York, París og Berlín.
21.00 Leyndarmál tiskuhússins Leikin þáttaröð í átta hlutum sem gerist í París eftir seinni heimsstyrjöldina og segir frá tveimur bræðrum sem reka tiskuhús. Bræðurnir eru mjög ólíkir og undir niðri krauma leyndarmál sem gætu stofnað öllu sem þeir hafa unnið fyrir í hættu. Aðalhlutverk: Richard Coyle, Tom Riley og Mamie Gummer. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Þrjár og hálf mínúta, tíu byssukúlur Bandarísk heimildarmynd sem segir frá örlagaríku kvöldi í nóvember 2012 þegar fjórir ungir blökkupiltar mættu miðaldra hvítum manni fyrir utan bensinstöð. Premur og hálfri mínútu síðar var einn piltanna látinn, en myndin fjallar um atburðarásina sem hófst í kjölfar árásarinnar.
23.55 Haltu mér, slepptu mér
00.45 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.00 The Memorial Tournament
13.30 US Women's Open
18.30 Golfing World
19.20 The Memorial Tournament

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 The Good Place
13.30 Superstore
13.50 The Kids Are Alright
14.15 Lambið og miðin
14.50 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 American Housewife
20.10 Charmed
21.00 New Amsterdam
21.50 Bull
22.35 Taken
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show with James Corden (158.208)
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 Proven Innocent
03.05 The Resident
03.50 FEUD

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtalum réttindi barna
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit frá Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsgagan. Húsið
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit frá Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Leave No Trace
13.50 Ordinary World
15.15 Brad's Status
16.55 Leave No Trace
18.45 Ordinary World
20.15 Brad's Status
22.00 Murder on the Orient Express
23.55 Wish Upon
01.25 Miss Sloane
03.35 Murder on the Orient Express

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.50 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Fresh Off the Boat
09.55 Lego Masters
10.50 Jamie's 15 Minute Meals
11.15 Enlightened
11.45 Logi
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef USA
13.40 God Frieded Me
14.25 Margra barna mæður
15.00 World of Dance
15.45 Major Crimes
16.30 Hálandisvaktin
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Sportpakinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Veður
19.25 Vikingalottó
19.30 Mom
19.50 Jamie's Quick and Easy Food
20.15 The Bold Type
21.00 The Red Line
21.45 Gentleman Jack
22.45 You're the Worst
23.10 Whiskey Cavalier
23.55 The Blacklist
00.40 Barry
01.10 Lethal Weapon
01.55 Black Widows
02.40 Black Widows
03.25 Black Widows
04.10 Pete Holmes. Dirty Clean HBO-uppstand af bestu gerð með Pete Holmes sem er höfundur og aðalleikari gamanþátta Crashing.

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Bob's Burger
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Angie Tribeca
21.15 Pretty Little Liars. The Perfectionists
22.00 Krypton
22.45 Westworld
23.45 The Mindy Project
00.10 Supergirl
00.55 Arrow
01.40 Seinfeld
02.05 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

08.40 Breiðablik - HK Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
10.20 Fréttapáttur Undankeppni
10.50 Úrslitaleikur kvenna. Lyon - Barcelona
12.45 Breiðablik - FH Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
14.25 Stjarnan - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
16.05 Pepsi Max Mörk karla
17.35 Fréttapáttur Þjóðadeildarinnar
18.05 Fréttapáttur Undankeppni EM 2020
18.35 Portúgal - Sviss Bein útsending frá leik í úrslitaleikunum Þjóðadeildarinnar.
20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
21.10 Brighton - Manchester City
23.00 Season Highlights
23.55 Portúgal - Sviss

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit frá Rásar 1
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

blómaval

Sumar

BLÓMA SPRENGJA

í Blómavali

Stjúpur
10 stk.

990 kr

-20%
Matjurtir,
6 í bakka
799 kr
~~999 kr~~



Sparaðu 1.000 kr.

Hortensía, minni
2.990 kr
~~3.990 kr~~

Sparaðu 1.000 kr.

Hortensía, stærri
3.990 kr
~~4.990 kr~~



-44%

Sólboði
990 kr
~~1.790 kr~~




-40%

Margarita
1.190 kr
~~1.990 kr~~



-40%

Hengilóbelía
1.190 kr
~~1.990 kr~~



20%
afsláttur
af ÖLLUM útipottum



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxi. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Trjáplöntur og runnar

20%
afsláttur





Mynd frá tónlistarhátíðinni sem fer fram síðar um kvöldið. Þar spila margir helstu tónlistarmenn landsins.

Forseti Íslands grillar til góðs

Um helgina fer fram tónlistarhátíðin Kótelettan á Selfossi. Hægt er að kaupa kótelettur til styrktar Styrktarfélagi Krabbameinssjúkra barna á dagskemmtuninni.

Kótelettan BBQ Festival, SS, Golfklúbburinn Tuddi og Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna taka enn og aftur höndum saman og halda styrktarsölu á grilluðum kótelettum, svokölluðum styrktarlettum SKB. Salan, sem fer fram á dagskemmtun Kótelettunnar BBQ Festival á Selfossi laugardaginn 8. júní milli kl. 13 og 16 er nú haldin í fimmta sinn og rennur allur ágóði af kótelettu-

sölunni óskiptur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

Tuddarnir munu að þessu sinni njóta sérstakrar aðstoðar frá forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, sem ætlar að vera þeim innan handar á grillinu og selja kótelettur fyrir góðan málstað. Undanfarin ár hefur verið mikil stemning á grillinu og er markmiðið í ár að selja 2.000 kótelettur. Í boði verður að kaupa grillaðar kótelettur til að borða á staðnum en einnig til að taka með og grilla heima eða í

bústaðnum. Þeir sem komast ekki á kótelettusölu geta styrkt Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna með því að leggja frjálsframlög inn á styrktarreikning 301-26-545, kt. 630591-1129.

„Afraksturinn hefur síðustu þrjú ár numið um hálfri milljón í hvert sinn og það munar um minna í starfsemi félagsins, sem snýst um að styðja við bakið á fjölskyldum krabbameinsveikra barna en 12-14 börn greinast með krabbamein á hverju ári á Íslandi. Þetta framtak er því bara frábært í alla staði; bragðgott og skemmtilegt fyrir góðan málstað,“ segir Gréta Ingþórsdóttir, framkvæmdastjóri SKB.

„Þessi sala á styrktarlettum er orðin fastur liður hérna hjá okkur á Kótelettunni, enda gaman að láta gott af sér leiða fyrir jafn mikilvægan málstað. Við erum þakklát fyrir það hversu margir hafa lagt Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna lið á þessum viðburði,“ segir Einar Björnsson, skipuleggjandi Kótelettunnar BBQ Festival.

Aðgangur á dagskemmtunina er ókeypis en á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldinu fer fram tónlistarhátíð þar sem fram kemur allt helsta tónlistarfólk landsins. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á kotelettan.is.

steingerdur@frettabladid.is



Einar Björnsson (t.v.), skipuleggjandi Kótelettunnar, er hér ásamt Helga Haraldssyni hjá Eimskip, en fyrirtækið er einn af aðalbakhjörllum hátíðarinnar.



Framkvæmdastjóri SKB ásamt Tuddunum. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON



Gestir fylgjast af áhuga með tónleikunum. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON



Óli Öder Tuddi og Guðni Ágústson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, með tangirnar við SKB-grillið. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON

Sumarsæla í Múrbúðinni

Gott verð fyrir alla, alltaf!



57.900

Kaliber gasgrill
4 brennarar, (12kW)
Grillflötur 62x41cm



Kaliber Ferðagasgrill
24.590

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm



Truper garðverkfæri 4 í setti
1.690

Pretul greinaklippur
875



42.900

Kaliber gasgrill
3 brennarar (9kW).
Grillflötur 60x42cm

Kaliber
PREMIUM GRILL



44.900

MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-80mm/10

BRIGGS & STRATTON

Sláttuor: 1 cylinder
fjörgengis mótor.
0,7 kW. Rúmtak
31CC, Stærð
bensintanks 0,65 L

24.900
Sláttuor Mow FBC310

20m Meister
garðslanga
með tengjum

2.490

Hjólbörur 80L

4.490

Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
1800w, 130 bör (170 m/
turbústút) 420 L/klst.



12.490

Málning fyrir íslenskar aðstæður

MÚRBÚÐARVERÐ

Hágæða múrefni

weber og DEKA



Deka Projekt 10 innimálning,
9 lítrar (stofn A)

7.190



Deka Projekt 05 innimálning,
9 lítrar (stofn A)

6.290



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar

7.990



Oden þekjandi viðarvörn
1 líter, A stofn

1.790



Þakmálning 10 lítrar

9.990



Maston Hammer
750ml
1.995

Maston Hammer
Spray 400ml

1.050

Maston Hammer
250ml
995



Landora tréolía Col-51903 3 l.

1.980



Bostik filler spartl 250ml

490

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar

8.790

1 líter kr.
1.990



Weberfloor
4150 flötefni
4-30mm 25 kg
2.670



Weberfloor 4160
Hraðþornandi flötefni
2-30mm 25 kg
3.490



Weber Milligróf
múrblanda
25 kg
1.990



Drive Steypuhræivél
160l 650W 230V
54.995



Weberfloor 4630
DuroLit iðnaðar
& úti-flot 25 kg
5.290



Weber REP 980
steingarlim
og filtmúr, grár
25 kg **2.990**



Weber Gróf
Múrblanda
25 kg **1.890**



Weber
Staurasteypa
15 kg **890**



Deka Hrað
viðgerðarblanda
25 kg **3.890**



Deka Fiber trefja-
styrkt múrblanda
25 kg **2.890**



Deka Plan 230
hraðþornandi flot
25 kg **2.390**



Deka Acryl grunnur
1 kg **890**
5 kg **3.590**

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		



netgíró

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM*
Í ÖLLUM VERSLUNUM
DORMA Í HEILA VIKU



www.dorma.is

VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

**EKKI MISSA AF
ÞESSU**

REYKJAVÍK AKUREYRI ÍSAFJÖRÐUR

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir öllum vörum nema vörum frá Simba. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Afgreiðslutími Rvk
Mánud. til föstud. kl. 11.00-19.30
Laugard. kl. 11.00-17.00
Sunnud. kl. 13.00-17.00 (Smáratorgi)

Holtagördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Lattu drauminn ræst

HVER VANN?

Sportíð á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



f Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Sendiherra Indlands á Íslandi, T. Armstrong Changsan, mun gróðursetja tré í Hekluskógum í dag. MYND/ANTON BRINK

Gróðursetningarathöfn í minningu Gandhi

Indverska sendiráðið ætlar að gróðursetja tré í Hekluskógum í dag. Ferðin er í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu Gandhi. Sendiráðið býður upp á fría Jógatíma tvisvar á dag virka daga.

Indverska sendiráðið á Íslandi stendur í dag fyrir gróðursetningarathöfn í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu Mahatma Gandhi. Athöfnin er haldin í samstarfi við umhverfisráðuneytið. Þennan sama dag er alþjóðlegur dagur umhverfisins. Sendiráðinu hérlendis fannst því kjörið að fara upp í Hekluskóga og gróðursetja tré í tilefni dagsins.

T. Armstrong Changsan, sendiherra Indlands á Íslandi, hóf störf hér í ágúst í fyrra, eða fyrir níu mánuðum, og þetta er hans fyrsta sendiráðherrastaða. Fyrir það var hann aðalræðismaður Indlands í Osaka-Kobe í Japan.

Changsan viðurkennir að hér sé kalt en það gæti verið verra.

„Já, það getur verið mjög kalt úti en það er alltaf mjög hlýtt inni hér á landi,“ svarar Changsan hlæjandi og bætir við: „Já, það er rétt, það getur verið mjög kalt hérna en ekki þannig að það hafi mikil áhrif á lífsins gang.“

Hann segir að rútan sem fer í dag í Hekluskóga sé nánast full og það stefni í góða mætingu. Allt starfsfólk sendiráðsins mætir á viðburðinn.

„Mahatma Gandhi reyndist 2. október. Við höfum reynt að standa fyrir ýmsum viðburðum frá því að 149 ár voru liðin frá fæðingu hans í fyrra. Við fengum þessa hugmynd, að grótursetja tré, því að Gandhi var mikill umhverfissinni og okkur fannst kjörið að gera þetta á alþjóðlegum degi umhverfisins.“



Sendiherrarnir T. Armstrong Changsan og sendiherrafriin Margaret Makimi Varte.

Þess má geta að fæðingardagur Gandhi er alþjóðlegur dagur gegn ofbeldi.

„Gandhi er óopinberlega þekktur sem faðir indversku þjóðarinnar og

minningu hans er haldið á lofti á um allt Indland. Margt sem hann talaði fyrir á vel við enn þann dag í dag. Þess vegna höfum við tekið margar af hans þekktustu setningum og varpað þeim á vegginn á sendiráðinu þegar farið er að dimma á kvöldin,“ segir Changsan.

Indverska sendiráðið býður upp á frítt jóga alla virka daga á milli klukkan 7 og 8 á morgnana og 17.30 og 18.30 á kvöldin.

„Það verður haldið upp á alþjóðlega jógadaginn þann 21. júní og boðið upp á jógatíma í stóra sal Ráðhúss Reykjavíkur og eru allir velkomnir þangað,“ segir Changsan og bætir við að það sé vel mætt í daglegu jógatímana á hverjum degi.

„Við erum líka með matarhátíð á hverju ári og héldum hátíðlega grænmetisdaga í samstarfi við Vox á Hilton hóteli í enda janúar og byrjun febrúar. Gandhi var einmitt grænmetisæta. Við héldum hátíðina samhliða þjóðhátíðardeginum okkar.“

Gandhi talaði mikið fyrir því að fólk eyddi ekki um efni fram og væri högvært í neyslu sinni.

„Þannig okkur fannst passa mjög vel að gefa aftur til umhverfisins á þennan hátt, með því að planta trjám í minningu hans. Með því erum við að reyna að sporna gegn þeim slæmu áhrifum sem mengun hefur haft á jörðina og reynum að bæta fyrir það sem við mannfólkið höfum tekið,“ segir Changsan.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir johannahelga@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigrún Órn Einarsson sigrun@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is



MAZDA CX-3

FÆR HJARTAÐ TIL AÐ SLÁ HRAÐAR



AFL, LIPURÐ OG AFBURÐA AKSTURSEIGINLEIKAR EINKENNA MAZDA CX-3!

Með nýjustu SKYACTIV-tækninni og G-Vectoring Control stýrikerfinu upplifir þú ótrúlega aksturseiginleika, stýrissvörun, veggrip og frábæra þyngdardreifingu sem eykur til muna alla akstursupplifun. Mazda CX-3 er fánlegur framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn (AWD) en báðar útfærslur státa af fádæma góðu veggripi og aksturseiginleikum. Til viðbótar er Mazda CX-3 einstaklega vel útbúinn og öruggur með snjallhæmlunakerfi sem hemlar sjálfvirkt ef óvænt hætta steðjar að.

Komdu, reynslaktu og upplifðu nýjan Mazda CX-3

Verð frá 3.190.000 kr.



BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar



Tregðulögmálið

Búið er við 14% samdrætti í ferðaþjónustu í ár. Greinin er orðin svo mikilvæg efnahagslífinu að það kallar á endurskoðun á forsendum ríkisfjármála. Forsendur sem var reyndar búið að benda á að voru of bjartsýnar. Og hver eru viðbrögðin við breyttum forsendum? Jú, meðal annars að hætta við lækun bankaskatts. Lækkun bankaskatts myndi skila sér beint í lægri vöxtum á lánum til heimila og fyrirtækja. Hún myndi spila vel með markmiðum stjórnvalda í húsnæðismálum, myndi styðja við markmið lífsskjarasamningsins um lækun vaxta og bæta kjör allra.

Það er með ólíkindum hvað það virðist þurfa mikið að ganga á til að stjórnvaldamenn hugleiði að draga úr ríkisútgjöldum. Opinber útgjöld á Íslandi eru þau þriðju hæstu meðal þróaðra ríkja, eða 41% af landsframleiðslu. Það þarf miklar skatttekjur til að standa undir öllum þessum útgjöldum. Skattheimta á Íslandi er enda sú þriðja hæsta meðal þróaðra ríkja, eða 33% af landsframleiðslu. Þjóðin er að eldast og verði er að þróa betri lyf og tækni í heilbrigðisgeiranum sem mun kalla á enn meiri þrýsting á hærri útgjöld. Tæknibreytingar gera það að verkum að störf hverfa og ný skapast sem mun leiða til aukins álags á menntakerfið.

Svigrúm til áframhaldandi aukningar ríkisútgjalda er takmarkað. Við munum því ekki geta haldið áfram úti öflugum velferðar- og menntakerfi án þess að forgangsraða og draga úr útgjöldum til málaflokka sem eru utan grunnhlutverks ríkisins. Til þess að það geti gerst verður að afsanna það tregðulögmál sem virðist vera í gildi þegar ríkisútgjöld eru annars vegar.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

PANINI OG GOS* COMBO VERÐ: 499 KR



*0.5 l gos í plasti frá Ölgærdinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

Samsung spjaldtölva á sumartilboði!

Samsung Tab A 10.5 er þunn, létt og búin vönduðum skjá. Áskrift að Sjónvarpi Símans Premium fylgir með í 30 daga*.

Þú getur meira með Símanum

Verð frá 24.990 kr. 44.990 kr.

Premium í 30 daga fylgir

*Tilboðið gildir á meðan birgðir endast. 300 stk. í boði.

siminn.is